# Gerðabók

Kvenfélags Hvammstanga.

Þóra Sigvaldadóttir
Guðrún Jónasdóttir
Margrét Jóhannesdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Kristín Jóhannesdóttir
Anna Guðmundsdóttir
Jórunn Jakobsdóttir
Ingigerður Daníelsdóttir
Jakobína Bergsveinsdóttir
Ingibjörg P. Levi
Guðrún H. Sveinsdóttir
Sigurbjörg Friðriksdóttir
Steinvör Benónýsdóttir
B. Marta Albertsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Sigríður Sveinbjörnsdóttir
Hallfríður Jósafatsdóttir
Ingibjörg Jónasdóttir
Elísabet Ólafsdóttir
Jóhanna Björnsdóttir
Sigríður Benný
Helga Ingólfsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Elsa Bjarnadóttir
Margrét Gísladóttir



# Lög Kvenfélags Hvammstanga.

## 1. gr.

Félagið heitir Kvenfélag Björk Hvammstanga.

## 2. gr.

Stjórn félagsins skipa 3. konur, formaður, ritari og gjaldkeri. Þrjár konur skulu og kosnar til vara.

Kjörtímabil þeirra eru þrjú ár, þannig að ein kona gengur úr stjórninni árlega, (með hlutkesti fyrstu tvö árin) og er þá önnur kona kosin í hennar stað, ásamt varakonu. Fer kosningin fram á aðalfundi félagsins. Biðjist stjórnarkona undan endurkosningu, þegar hún hefir endað sitt kjörtímabil, er ekki heimilt að kjósa hana í stjórnina næstu 3. ár.

## 3. gr.

Formaður boðar til funda, eða auglýsir þá, eigi síðar en daginn áður en þeir skulu haldnir. Formaður stjórnar aðalfundi; og lætur sér annt um hag félagsins allan og velferð.

Gjaldkeri innheimtir og varðveitir

peninga félagsins og leggur þá á sjóð. Einnig geymir hann alla reikninga og hefir á hendi útborganir.

Ritari bókar fundargerðir og annað, er rita þarf í þágu félagsins og geymir fundargerðabók.

4. gr.

Aðalfund skal halda ~~í Janúar mánuði~~ fyrir 1. marz ár hvert. Skal þá gjalda árgjald og leggja fram ársreikninga félagsins, lesa upp lög þess o. fl.

Að öðru leiti skal aðalfundur vera skemtifundur öðrum fremur.

5. gr.

Fundi skal halda eigi sjaldnar en einusinni í mánuði að vetrinum. Skal jafnan kjósa 2–3. konur á hverjum fundi til að halda uppi umræðum, upplestri, eða öðrum gleðskap á þeim næsta.

6. gr.

Árlega skal kjósa nefnd til að yfirfara reikninga félagsins, og leggja þá fram á aðalfundi til undirskrifta.



7. gr.

Félagið skal á hverjum vetri hafa með höndum starf nokkurt. Skal það afla tekna með eigi minna en einni skemtun á ári.

8. gr.

Tekjum félagsins skal verja samkvæmt fundarsamþykktum, og samkv. stefnuskrá félagsins.

9. gr.

Inntöku geta konur fengið í félagið á hvaða fundi þess sem vera skal, með samþykki meiri hluta mættra félagskvenna, og skulu þær þá gjalda inntökugjald, en úrsagnir, sem skulu vera skriflegar, en aðeins teknar gildar á aðalfundi; og les formaður þær þá upp í áheyrn félagskvenna.

10. gr.

Mál, sem fram koma í félaginu og rædd eru á fundum þess, skulu meðhöndluð sem einkamál utan félags.

11. gr.

~~2.00~~ 5.00
~~25.00~~ 20 '84

Árgjald skal vera ~~10.00~~ kr. og innstovningjald kr. 10.00

12. gr.

Ef ein eða fleiri félagskvenna æskir fundar að gefnu tilefni, skal formaður skyldur að verða við þeirri ósk, og boða til fundar.

78 fundur

Miðvikudaginn 31 mars 1954 var
fundur haldinn í Kvenfélagi Hvamms-
tanga. Formaður setti fundinn og
nefndi til fundarstjóra Kristínu
Gunnarsdóttir og til fundarskrifara
Guðrúnu Jónasdóttir
Frú Steinvör Benonýsdóttir kom með
erindi á fundinn um að félagið hjálpaði
eitthvað vissu heimili
með fatagjöfum á börn-
in fyrir fermingunna. Ákveðið var að
gefa telpunum jakka
Þá bar Þóra fram tillögu um að börnum
yrði eitthvað gefið.
og var ákveðið að gefa syninum hans föt.
Þá var kosin nefnd til að sjá um veiting-
ar á næstu skemtun. Bakstur eiga að annast
Þóra, Kristine, Margrét, Sigríður Tryggvad.
og Guðrún Jónasdóttir. Framreiðslu eiga að
sjá um Sigrún, Karolína, og Ingibjörg Jóns.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Guðrún Jónasdóttir



79 fundur

Sunnudaginn 2 maí var fundur haldinn
í kvenfélagi Hvammstanga. 13 konur mættu
Formaður setti fundinn og nefndi til fund-
arstjóra Ingibjörgu Jónsdóttir og ritara
Margréti Jóhannesdóttir. Lesin var upp
fundargjörð síðasta fundar, og hún samþykt.
Formaður byrjaði með að segja frá að föt
þau sem á síðasta fundi var ákveðið að
gefa sonum … 
samkvæmt ósk móður þeirra. ekki afhent fyr en fyrir jólin í vetur
Þá var sagt frá tekjum þeim sem
félagið hafði aflað frá því síðast var
haldinn fundur. Tvisvar var höfð
kaffisala í sambandi við skemmtanir
á Hvammstanga, og kom inn fyrir
það samtals kr 401,75 au. Haldin var
skemmtun til ágóða fyrir væntanlega
kirkjubyggingu og komu þá inn
kr 1212,50 au
Haldinn var smá kvöldfagnaður
innan félagsins. Kvenfélagskonur
buðu mönnum sínum í kvöldmat
Spilað var félagsvist, síðan drukkið
kaffi, nam kostnaður við þessa sam-
komu kr 582,12 au

Þá tók formaður til máls. Sagði hún
eins og konur vissu væri Margrét
Halldórsdóttir að láta af störfum eftir
langt og vel unnið hjúkrunarstarf við
sjúkraskýlið á Hvammstanga. Vildi
hún að kvenfélagið beitti sér fyrir
því að henni yrði haldið samsæti.
Var þessu vel tekið, með því skilyrði
þó, að talað væri við Margréti, og hennar
samþykkis leitað um að halda samsætið.
Hófust nú umræður um málið. Vildu
aðrar konur takmarka samsætið við
~~H. hr.~~ Hvammstangabúa þar sem hús-
rúm væri hér takmarkað, en aðrar
vildu að öllum sýslubúum væri
gefinn kostur á að taka þátt í
því meðan húsrúm leyfði.
Kristín Gunnarsd. kom með miðl-
unartillögu þess efnis efnis. Að þar
sem húsrúm væri það takmarkað
að ekki þyrfti að búast við að allir
kæmust að sem vildu, skyldi það
miðast við Hvammstangabúa, en
kvenfélögunum innan sýslunnar
skildi boðið að gefa hreppsbúum
hvert í sínum hreppi kost á að
senda fulltrúa (eða fleiri) til að



sitja þetta hóf, ef þeir þar með vildu
nota tækifærið til að flytja Margréti
þakklæti frá sínum hreppsbúum.
Var þessi tillaga samþykkt.
Þóru Sigvaldad. og Ingibjörgu Jónsd.
var falið að tala við Margréti.
Kristínu Gunnarsd. og Margrétu Jóhannesd.
að koma boðum til kvenfélaganna
ef til kæmi. Málið tekið út af dagskrá.
Þá minntist formaður lítillega á blóma-
garðsmálið, sem ekkert hefur verið gjört
í sökum vöntunar á hentugu [illegible]
Sagði hún að raddir hefðu komið
fram um ~~það~~ að þar sem nú stæði
til að byggja hér kirkju rétt við
þann stað sem Hvammstangahrepp-
ur hefði ætlað að gefa ~~H.~~ kvenfélaginu
undir blómagarð, ætti kvenfélagið að
athuga hvort ekki væri en hægt að fá
þennan stað og með því prýða umhverfi
kirkjunnar. Bað hún konur að hugsa um
þetta mál svo þær gætu sennilega látið
álit sitt í ljósi um þessi mál.
Fleira ekki gjört. Fundi slitið
Guðrún Jónasdóttir

80 fundur

Fimtudaginn 6/9 var fundur haldinn í kvenfélaginu, heima hjá formanni. Formaður nefndi til fundarstjóra Elsu B til ritara Guðrúnu Jónasdóttir

Tekið var til umræðu fyrirhugað samsæti með Margréti Halldórsd.

Tillaga kom fram um að skrifa hinum kvenfélögunum og gefa þeim kost á nokkuð meiri þátttöku í samsætinu en búist var við á næsta fundi á undan. Ákveðið að þátttaka í samsætinu kostaði 20 kr á mann. Samþykkt var að gefa M. H. klukku. Var settur upp listi sem liggja skyldi frammi og Hvammstangabúum einum gefinn kostur á að rita nöfn sín þar á og upphæðinni síðan deilt jafnt á nöfn. Þá skiftu fundarkonur með sér verkum með undirbúning og annað við samsætið. Fundi slitið.

Guðrún Jónasd.

81 fundur

Föstudaginn 1 oktb. var fundur haldinn í kvenfélagi Hvammstanga Formaður setti fundinn og nefndi



til fundarstjóra Kristínu Gunnarsd og ritara Margréti Jóhannesd.

Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar samþykkt. Lesin upp fundargjörð síðasta aðalfundar K. B. Formaður sagði að fyrir fundinum lægi 2 mál. 1 saumanámskeið 2 garðmálið. Auk þess hefði formaður K B frú Jósepína Helgadóttir óskað eftir að tala á fundinum, og var henni nú gefið orðið.

Sagði hún frá fundi er hún sat í sumar með öllum formönnum kvenfélaganna á landinu, var margt skemtilegt og fróðlegt þaðan að heyra. Að lokum flutti hún kvenfélaginu tilmæli frá K B að það beitti sér fyrir því að koma upp fermingarkirtlum í sinni kirkjusókn. Samskonar tilmæli sagði hún K B hefði sent öllum kvenfélögum landsins. Var gjörður að þessu góður rómur, en máli þó ekki ráðið að sinni.

Þá var tekið fyrir saumanámskeiðsmálið. Komu fram á fundinum beiðnir frá 5 konum um saumanámskeið. Var málið lítið rætt en kosnar 3 konur í nefnd í málinu

Konur voru ~~Elísabet~~ Elísabet Ólafsd.
Helga Jónsd. og Elsa Bjarnad. Skildu
þær leita eftir frekari þátttöku í
námskeiðinu, ásamt öðru því er
þurfti að gjöra því nú að komandi.
Þá var garðmálið tekið fyrir.
Sagði formaður að eins og konur
vitnu hefði hún beðið þær í vor að gjöra
sér grein fyrir því hvern blettinn
þær kysu heldur, þann hjá væntanlegri kirkju, eða fyrir sunnan
ána. Er nú í haust þurfti að hilta
blettinum og því nauðsynlegt að
ákveða hann. Kom þá í ljós að
mjög skiftar voru skoðanir um
garðstaðið. Álitu sumar konurnar
að einhver iðði til þess að prýða
í kring um kirkjuna. Kvenfélagið
ætti að hafa sinn garð útaf fyrir sig en
aðrar vildu halda sig í nágrenni við
kirkjuna. Vegna þess að fundurinn
var ekki vel sóttur, var ekki talið
rétt að ganga til ~~atkvæða~~ úrslita
í málinu, og var því frestað.

Fundi slitið

Guðrún Jónsdóttir



92 fundur

Fundur var haldinn í Kvenfélagi Hrunamannahr.
7 nóv. 12 konur voru mættar. Fundarstjóri
var Guðrún Jónsd. og fundarritari Elísabet Ólafsd.
Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og
hún samþykkt þá var lesið bréf frá
Jósefínu Helgadóttir þar sem hún gerir
grein fyrir ágóðanum af skemtun Kvenna-
bandsins í sumar

Með því bréfi kom boðsbréf frá K. Í.
þar sem formanni félagsins eða einhverj-
um öðrum er boðið á mót það er K. Í.
ætlar að halda næstkomandi vor í Rvk
En þangað býður það formönnum allra
félaga sem eru í Kvenfélagasambandi
Íslands

Formaður las upp gjafabréf frá
Sig. Davíðssyni vegna ~~þar sem hann gaf lóðina~~
fyrir lóðinni sem hann gaf Kvenfélaginu
fyrir sunnan Ásgarð. Vildi formaður
að konur segðu álit sitt um það hvort
Kvenfélagið ætti að halda þessum bletti
fyrir skrúðgarð eða sleppa honum og
taka heldur að sér að fegra umhverfis
kirkjuna. Gengið var til atkvæða um
þetta mál 6 konur greiddu atkvæði
með því að halda blettinum framvegis. 6 vildu

Þá var rætt um föt þau sem Kvenfélagið hugðist gefa börnum [illegible]dóttir í vor. en móðir þeirra vildi heldur fá fyrir jólin. Margrét Jóhannesdóttir var áður búin að lofa að sér að sauma kjólana á telpurnar en eftir var að fá konur til að sauma á drengina. Það tóku þar að sér Jórunn Jakobsd. og Elsa Bjarna.

Gjaldkerinn fyrir ágóðanum af samkomunni sem Margréti Halldórsd. var haldið 2 júní. gjörði hann kr 10.20 au

Þegar Forseti Íslands og frú heimsóttu Hvammstanga 6 júlí í sumar, bað sýslunefndin Kvenfélagið að taka að sér að sjá um veitingarnar í hófi því sem sýslan hélt þeim til heiðurs. Kvenfélag tók þett að sér og frú Þórdís Ingimarsdóttir bauðst til að hjálpa til við undirbúning. 65 manns sat hófið, og kostaði þátttaka 25 kr fyrir manninn. Sýslan borgaði kostnaðinn. Í ágóða hafði Kvenfélagið kr 501.78 au

Guðrún Jónasdóttir

83. fundur.



Laugardaginn 5. febr. 1955 var haldinn aðalfundur kvenfélags Hvammstanga. 22 konur mættu á fundinum.
Að aflokinni sameiginlegri kaffidrykkju setti formaður fundinn og stjórnaði honum. Las formaður að venju upp lög félagsins og að því loknu skriflega umsókn í félagið frá Halldóru Kristjánsdóttur og Ingibjörgu Sigurðardóttur. Ástæðan fyrir umsókn um þessum, er að stofnað hefir verið kvenfélag í Kirkjuhvammshreppi

Á fundinum gekk ein kona í félagið, Ingibjörg P. Levi, og var hún boðin velkomin með öllum greiddum atkvæðum.

Þá fór fram kjör á einni konu í stjórn. Úr stjórn átti að ganga Þóra Sigvaldadóttir eða Margrét Jóhannesdóttir, eftir hlutkesti. Kom upp hlutur Þóru Sigvaldadóttur. En eftir ósk fundarkvenna gaf hún kost á að vera í endurkjöri. Var hún kosin í félagsstjórn með 21. atkvæði og félagsformaður með 18 atkv. Varaformaður var kosin Ingibjörg Jónsdóttir með 12 atkv.

Kosnar voru til að mæta á Sambandsfund: voru kosnar Ingibjörg Jónsdóttir og Karólína Jóhannsdóttir. Varafulltrúar kosnir Steinvör Benónýsd. og Guðrún Jónasdóttir.

Tillaga kom fram, um að hækka árgjald félagskvenna úr kr. 5.00 í kr. 10.00 og var sú tillaga samþykkt.
Rætt var að hafa kaffikvöld, helst um næstu helgi, eða svo fljótt sem við verður komið, og kosin var nefnd til að sjá um veitingar á því.

Talað var um að félagið hefði skemmtisamkomu seinna í vetur. Nefndi formaður í skemtinefnd Mörtu Jóhannsd. Ingibjörgu Jónsdóttur og Helgu Hjörtsdóttur. Einnig komu konur til að annast veitingar á þessari skemtun.

Að loknum fundarstörfum sátu fundarkonur eftir að borðum, skemmtu sér um stund við samræður og gleðskap.

G. J.
fundarritari



## 84. fundur.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1955. var fundur haldinn í kvenfélagi Hvammstanga. 16 konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Ingibjörgu Jónsdóttur og til fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.

Lesin upp fundargerð aðalfundar og samþykkt.

Formaður flutti fundarkonum kveðju og þakklæti Kára Sigurbjörnssonar, fyrir veitta aðstoð við jarðarför móður hans, en kvenfélagið tók að sér veitingar við jarðarförina. Veitingarnar voru seldar á 12.00 kr. fyrir manninn, og félagið hefði kr. 1.361.18 í ágóða af veitingunum, það að konurnar, eins og jafnan áður, gefa félaginu alla sína vinnu við störf sín fyrir það.

Þar næst bar formaður fram tillögu frá stjórn félagsins, þess efnis að kvenfélagið sendi þeim mæðgum, [redacted] og [redacted], lítilsháttar peningagjöf, eins og samúðarvott, vegna brunatjóns, sem þær nýlega hefðu orðið fyrir.

Var tillagan samþykkt einróma, og ákveðið að senda þeim kr. 2.000.00.

Þá var minnst á spilakvöld það, sem ákveðið var á síðasta fundi að halda skyldi.

Ven sökum slæms heilsufars í þorpinu og nágrenni, af kvefsóttarfaraldri, var ákveðið að drífa ekki í því að svo stöddu.

Sigríður Jónsdóttir tók þá til máls. Sagði hún að sér fyndist að konurnar ættu að koma saman oftar en þegar sér stæði með lagni fyrir, svo að halda þyrfti fund. Vildi hún að fundir yrðu hálfsmánaðarlega. Konur hefðu þá með sér handavinnu og rabbaðu saman sér til skemmtunar, eða einhverjar konur læsu upp, eða segðu um önnur smávegis skemmtiatriði. Var málið rætt og ákveðið að reyna þetta, og skyldi næsti fundur verða fimmtudaginn 10. mars.

Í skemmtinefnd voru kosnar þær Sigríður Jónsdóttir, Steinvör Benónýsdóttir og Ingibjörg Jónasdóttir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

M. J.
fundarritari





Fundur var haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga 24. mars 1955.
12 konur mættar. Kristín Gunnarsdóttir var sett fundarstjóri. Byrjaði hún á að lesa upp fundargerð síðasta fundar, og var hún samþykkt. Þá var lesið upp bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands, til formanns kvenfélagsins. Biður sambandið öllum kvenfélagaformönnum landsins að sitja afmælismót þess, dagana 6-9 júní í sumar. Gæti formaður ekki tekið boðinu, er annari konu úr aðalstjórn félagsins gefinn kostur á að sitja mótið. Formaður lýsti því yfir, að af ýmsum ástæðum gæti hún ekki notað sér þetta boð, og gaf þar með hinum stjórnarkonunum kost á því. Ekki voru þær samt neitt ákveðnar í að taka boðinu. Tillaga kom fram á fundinum, um að kvenfélagið borgaði far konunnar til Reykjavíkur og heim aftur, ef hún vildi fara. Var hún samþykkt. Var svo málið tekið út af dagskrá.

Ingigerður Daníelsd. kvaddi sér hljóðs. Las hún upp lög frá árinu 1952 um heimilishjálp í viðlögum. Beindi hún þeirri spurningu til kvenfélagsins, hvort því fyndist ekki tímabært, að leita sér fyrir því, að sveitarstjórn og sýslunefnd notuðu sér þá heimild, sem þeim væri gefin með

lögum þessum, til að koma á fót heimilishjálp
í viðlögum hér í umdæminu.
Sökum þess að fundur þessi var öðru fremur
ákveðinn sem skemmtifundur, var þetta mál ekki
rætt að sinni, en konurnar beðnar að hugleiða það.
Var þá skemmtinefndinni gefið orðið, en hún
var sú sama og átti að skemmta á fundinum 10.
mars, en sá fundur féll niður af óviðráðanleg-
um orsökum.
Frú Þórdís byrjaði að skemmta með spurningaleik
og fleiri smáleikjum. Þar næst las hún upp
fyrir kvæði; en aðrar konur sátu við handavinnu.
Þá var drukkið kaffi, sem konurnar höfðu með
sér að heiman. Rabbað var saman og ráðnar gátur.
Næst lásu þær frúrnar Ingibjörg og Sigríður upp
kvæði, og að síðustu lék frú Sigríður nokkur
lög á orgel, og konurnar sungu.
Sumar konurnar vildu að kosin yrði önnur
skemmtinefnd, og svona fundur hefði fjölbreytt
atriði. Sökum þess hve áliðið var vetrar
og fyrir dyrum stóð opinber skemmtun hjá fél-
aginu, svo fljótt sem mögulegt væri, var ákveðið
að láta við svo búið standa í vetur, en taka
þetta heldur upp næsta vetur.
Var svo fundi slitið, og hélt hver heim til
sín, glöð og ánægð eftir skemmtilegan fund.

Margrét Jóhannsd.
fundarritari



86 fundur.

Fundur var haldinn í kvenfélagi Hvammst.
19. maí 1955. 13 konur voru mættar.
Formaður tilnefndi fundarstjóra Ingibjörgu Jónsd.
og fundarritara Steinunni Ólafsdóttur.
Fundarstjóri las upp síðustu fundargerð og var
hún samþykkt.
Lesið var upp bréf frá stjórn K.B. viðvíkjandi
framlagi þess til Dvalarheimilisins, og var það
samþykkt. Skrifleg yfirlýsing var send til sambands-
fundar, og var hún þannig:
„Kvenfélag Hvammstanga lýsir yfir eindregnum
vilja sínum til stuðnings þessa máls, og þakkar
Kvennabandinu góða framkvæmd.
Með bestu félagskveðju. K.H.“
Gjaldkeri frú Margrét Jóhannsd. kvaddi sér
hljóðs, og sagði frá því, að nettótekjur af leiknum
„Ilse frænka“ hefðu orðið kr. 2.670.00 og samþ. var
að 1000 kr. af því, skyldu renna til dvalarheimilisins
og ennfremur það sem inn kom á Kirkjumynda sýningu
„Sjómannal.f.“ kr. 979.00
Formaður minntist á okkar fyrirhugaða garð,
og gat þess m.a. að girðingarefnið væri komið,
og í vor þyrfti að brjóta landið og girða, ef unnt
væri. Ennfremur talaði frú Þóra um það hvort
kvenfélagskonurnar ættu ekki að fara í smáferðalag
í vor eða sumar. Tekið var vel undir það. Þrjár
fóru konur á fundinum.

Fleira var ekki rætt, og fundi slitið.
K.Ó.
fundarritari

87. fundur.



Fimmtudaginn 30. júní 1955 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga.

Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Margréti Jóhannesdóttur og fundarritara Guðrúnu Jónasdóttur.

Fundarstjóri las upp fundargjörð frá síðasta fundi og var hún samþykkt.

Frú Ingibjörg Jónsd. sem var fulltrúi á aðalfundi K.B. sagði skilmerkilegar fréttir af þeim fundi.

Formaður tók þá til máls og talaði m. a. um saumanámskeið á komandi hausti; og sagði ennfremur frá hvernig stæði með garð-málið, og hafði lítilsháttar verið unnið þar með jarðýtu í vor.

Formaður tilnefndi til vara í fjáröflunar-nefnd Kvennabandsins, eftir ósk frá aðalfundi K.B., Karólínu Jóhannesdóttur.

Kosnar voru í skemtinefnd, Ingibjörg Jónsdóttir og Helga Ágústsd.

Talað var um að fara í skemtiferð um miðjan júlí næstkomandi, ef ástæður leyfðu. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir
fundarritari.

88 fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga 17. nóv. 1955.
11 konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Ingibjörgu Jónsdóttur og fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.
Fundargerð síðasta fundar upplesin og samþ.
Þá var lesin upp síðasta aðalfundargerð K.B.

Þá las fundarstjóri bréf frá Sesselju Þorleifsd. Óskar hún að fá ágrip af sögu félagsins frá stofnun þess. Dálítið var rætt um efni bréfsins, og voru konurnar á eitt sáttar um að reyna að verða við þessari ósk. Var frú Steinvöru Benónýsd. falið að sjá um framkvæmdir í þessu máli.

Þá sagði formaður frá því, að Böðvar Pétursson garðyrkjumaður hefði sent félaginu að gjöf 2 uppdrætti að skrúðgarði. Einnig sagði hún að saumanámskeið það, sem lítillega hefði komið til tals að reyna að hafa í haust, hefði ekki getað orðið, en þeim Helgu Ágústsd. og Elísabetu Ólafsd. var falið, að athuga um hvort ekki væri hægt að koma á námskeiði seinna í vetur.

Þar næst sagði formaður frá því, að Málfríður Jósafatsdóttir hefði beðist eftir því, að Kvenfélagið tæki ~~annaðist~~ að sér veitingar við jarðarför móður hennar, Guðrúnar Ebenesersdóttur. Sagði hún, að eins og konurnar vissu, hefði félagið þegar



tekið að sér veitingar við þrjár jarðarfarir, án þess þó að nokkuð hefði verið um það talað á fundum, heldur hefði stjórnin ákveðið að þetta skildi gert, og einnig ákveðið verðið á því, kr. 12.00 fyrir manninn. Nú sagðist formaður hafa heyrt ýmsar ósamhljóða raddir frá félagskonum um sölu á þessu, og jafnvel raddir um, að hætta alveg að taka svona lagað að sér. Hvatti hún því félagskonur til að segja álit sitt um þetta. Kristín Gunnarsd. kvaddi sér hljóðs, og sagði hún að með aukinni aðsókn til Kvenfélagsins við svona tækifæri, væri þegar sýnt að þetta líkaði vel. En hún vildi ekki að félagið tæki að sér veitingar við jarðarfarir, sem færu fram á öðrum kirkjum, vegna þess að það yrði á allan hátt erfiðara og kostnaðarsamara.

Nokkuð meira var rætt um málið. Þótti öllum sjálfsagt að sjá um veitingar við þessa jarðarför, þar sem kvenfélagskona ætti í hlut, en annars ákveðið að fresta frekari umræðum, þar til fleiri konur væru á fundi. Því næst skiptu konurnar með sér verkum, bakstri og öðru sem með þurfti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
fundarritari

89. fundur.

Laugardaginn 10. des. 1955 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga.
11 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Steinunni Benónýsdóttur og fundarskrifara Guðrúnu Jónasdóttur.
Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþ.
Lesið var upp bréf frá undirbúningsnefnd byggðasafns Húnavatnssýslu, þess efnis að varðveita gamla muni, og gefa þá byggðasafninu, er þar að kæmi.

Þá tók til máls Margrét Jóhannesdóttir og talaði um að skipta börnunum í aldursflokka á barnaballinu, þannig, að fyrst væru yngri börnin, frá 2 – 6 ára og væru þau í 2 til 3. tíma, svo kæmu eldri börnin og væri til kl. 11, eða svo. Umræður urðu nokkrar um málið, en niðurstaðan varð, að allt yrði svo sem verið hefði, í þetta sinn. Þá var talað um undirbúning fyrir barnaskemmtunina, og störfum skipt milli félagskvenna, sem flestar vinna á einhvern hátt við þá skemmtun.

Fleiri mál ekki rædd. Fundi slitið.

Guðrún Jónasd.
fundarskrifari

90 fundur.



Mánudaginn 6. febr. 1956 var aðalfundur Kvenfélags Hvammstanga haldinn.
15 konur voru mættar.

Fyrst var sest að kaffidrykkju. Að því loknu setti félagsformaður fundinn og stjórnaði honum, og las upp fundargerð síðasta fundar, og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Að þessu sinni átti Margrét Jóhannesdóttir að ganga úr stjórn félagsins, en hún hefir verið gjaldkeri þess í 6 ár, og gegnt því starfi með prýði. Hún baðst eindregið undan endurkosningu. Var þá gengið til kosningar á gjaldkera og hlaut frú Ingigerður Daníelsdóttir flest atkvæði, en hún neitaði eindregið að taka við starfinu, og var þá kosið í annað sinn. Kosningu hlaut frú Karólína Jóhannesdóttir. Var hún því kosin gjaldkeri félagsins næstu þrjú ár.

Þá var frú Ingigerður kosin í fjáröflunarnefnd Kvennabandsins, en hún hafði síðastl. ár gegnt þeim störfum eftir tilnefningu frá stjórn Kvenfélagsins. Varamaður hennar er Karólína Jóhannesd.

Þá kom fram uppástunga frá stjórnarnefnd hvort félagið vildi ekki gera tvær elstu konur félagsins. Það frú Ingibjörg Jónasdóttir og

Guðrúnu Sveinsdóttur, að heiðursfélögum sínum, en þær hafa báðar verið félagar frá félagsstofnun. Var það samþykkt einróma.

Þá leitaði formaður álits fundarins um hvort félagið skyldi framvegis, eins og það hefir gjört á síðastl. ári, taka að sér veitingar við jarðarfarir. Var það samþ. með atkvæðagreiðslu, að svo skyldi gert, ef óskað yrði eftir.

Þá var talað um að hafa einnig skemmtifund innan félagsins bráðlega, og voru tilnefndar í skemmtinefnd Ingigerður Danielsd. Margrét Jóhannesd. og Sigríður Guðjónsd.

Fleiri fundarmál voru ekki tekin fyrir fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir



91 fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfélagi Hvammst. þriðjudaginn 13. mars 1956.

Ingibjörg Jónsdóttir var sett fundarstjóri, en Margrét Jóhannesd. fundarritari.

Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt. Þá kvaddi formaður sér hljóðs og þakkaði leikstjóranum mikið og vel unnið starf, þar sem hún hefði séð fyrir, og vann einnig sjálf, að sýningu leiksins „Saklausi svallarinn", sem sýndur var á Hvt. 10 og 11 mars, við mjög góðar undirtektir; og aflaði félaginu góðra tekna, eða alls kr. 5.830.00, samkv. skýrslu gjaldkera. Kostnaður við skemmtunina var ekki búið að draga frá.

Þá sagði formaður frá því, að Kristín Gunnarsd. hefði í vetur, þegar hún fór til Reykjavíkur, verið beðin að grennslast eftir verði, og fá að sjá altarisklæði hjá Unni Ólafsdóttur. Því kvenfélagið hefir haft í huga að gefa kirkjunni á Hvammstanga einhverja gjöf, þegar hún verður vígð. Lýsti Kristín fyrir konunum hve altarisklæði er hún sá hjá Unni, mjög fallegt og vandað, en verðið var kr. 10 þúsund. Þótti sumum konunum það of mikið, og álitu ofviða fyrir félagið að leggja í þann kostnað, þar sem það hefði stórmál, eins og fjársöfnun ~~[illegible]~~ til dvalarheimilisins á dagskrá sinni.

Var leki álitið að vandað altarisklæði
mætti fá annarstaðar fyrir minna verð.
Einnig komu fram raddir um að gefa
kirkjunni einhvern annan mun.
Eftir allmiklar umræður kom þó fram
einróma fundarsamþ. um að gefa vandað
altarisklæði, og skildi frú Jósefína Helgadóttir
beðin að annast kaup á því, í samráði við
stjórn félagsins.
Þá var gengið til kosninga á fulltrúum
á aðalfund K.B. en það féll niður á síðasta
aðalfundi. Kosningu hlutu Steinunn Benónýsd.
og Margrét Jóhannesd. Til vara Elsa Bjarnad.
og Guðrún Jónasd.
Elsa Bjarnadóttir kvaddi sér hljóðs og
óskaði eftir því, að Kvenfélagið beitti sér fyrir
að sóknarpresturinn héldi stöku sinnum barna-
guðsþjónustur á Hvammst. Var gerður að því
góður rómur og tók formaður að sér að tala við
prestinn.
Fleira var ekki gert. Fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir



Mánudaginn 23. apríl 1956 var
fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga.
Skyldi sá fundur öðrum fremur vera skemmtifundur.
Auk þess skyldi á þessum fundi velja félaginu
nýtt nafn og hófst fundurinn á því atriði.
Konurnar lögðu fram hver sitt blað með
nafni á félaginu, og voru þau síðan lesin upp.
Ekki gátu þær samt komið sér saman um
hvaða nafn skyldi velja, og var því kosin
skyndinefnd, til að útkljá málið. Nefndina
skipuðu Kristín Gunnarsd., Ingigerður
Danielsdóttir og Marta Albertsdóttir. Komu
þær sér saman um að velja þrjú af þessum
nöfnum og láta kjósa um þau. Skyldi félagið
bera það nafn, sem flest atkvæði fengi.
Var þetta samþykkt. Nöfnin voru: Eygló,
Björk og Hafdís. Hlaut nafnið Björk
flest atkvæði og félagið þar með nafnið
Björk.
Þá tók skemmtinefndin við störfum.
En hana skipuðu þær Guðrún Jónasdóttir,
Ingibjörg Jónsd. og Elsa Bjarnadóttir.
Fyrst las frú Ingibjörg upp tvö kvæði:
Var annað gamankvæði um kvenfélagið,
ort af Guðrúnu Benónýsdóttur, eftir beiðni
skemmtinefndar. Hitt kvæðið var til félagsins
frá ónefndum.

Þá fór fram málsháttakeppni. Tóku þátt í henni þær Ingibjörg Jónsdóttir, Steinvör Benónýsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Varð frú Steinvör hlutskörpust í þeirri keppni og hlaut að launum fagurlega skreytta rjómatertu. Var þá sest að kaffidrykkju og veitti frú Steinvör óspart af verðlaunakökunni á báða bóga.

Þar næst fór fram spurningaþáttur, „já og nei", og varð frú Steinvör hlutskörpust þar líka.

Að lokum voru sungin nokkur lög, með undirleik frú Sigríðar Jónsdóttur.

Fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir



Miðvikudaginn 30. maí 1956 var fundur haldinn í kvenfélaginu Björk.

Fundarefni var aðallega að kveðja frú Ingibjörgu Jónsdóttur, sem er að flytja af félagssvæðinu. Af því tilefni var sameiginleg kaffidrykkja. Meðan setið var að borðum ávarpaði formaður félagsins frú Ingibjörgu og þakkaði henni vel unnin störf í þágu félagsins á liðnum árum. Ingibjörg kvaddi svo konurnar, með vel völdum orðum og þakkaði þeim samstarfið í félaginu. Einnig þakkaði hún hlýhug og vinsemd, er þær sýndu, með því að koma saman með sér þessa stund. Þá árnaði hún konunum og félaginu í heild, farsældar og blessunar á komandi tímum.

Þá kvaddi frú Jósefína Helgadóttir sér hljóðs, og þakkaði frú Ingibjörgu ágæt kynni, og boð. Persónulega og félagslega, og flutti henni og fjölskyldu hennar bestu árnaðaróskir með framtíðina, og nýja heimilið, sem hún er nú að flytja til.

Að endingu voru félagsmál rædd lítið eitt. Tillaga kom fram um að Björk brunatryggði eignir sínar í samkomuhúsi hreppsins, og var það samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var frú Marta Albertsdóttir kosin í

undirbúningsnefnd 40 ára afmælis K.B. sem verður 1958.

Þá var Ingigerður Danielsdóttir kosin til að hafa yfirumsjón með veitingum, sem kvenfélagið á að hafa á skemmtisamkomu K.B., sem fyrirhuguð er á Hvammstanga 24. Júlí næstkomandi.

Fleira ekki tekið fyrir.

Guðrún Jónasdóttir



94. fundur.

Föstudaginn 29. Júní 1956 var fundur haldinn í Kvenfélaginu Björk. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Ingiríði Jónsdóttur og fundarritara Guðr. Jónasd.

Formaður byrjaði á að leita álits fundarkvenna hvort þeim fyndist ekki rétt að kaupa eitthvað af plöntum í félagsgarðinn, sem nú er búið að girða og ganga að miklu leiti frá.

Var ákveðið að tala við Ragnar Gunnlaugs. garðyrkjufræðing, og leita álits hans um hvað heppilegast væri að fá til að setja niður.

Þá var lítillega rætt um undirbúning með veitingar fyrir skemmtun K.B., sem Kvenf. Björk á að hafa að þessu sinni. Eftir ósk frá Ingigerði Danielsd., sem á síðasta fundi var kosin til að hafa yfirumsjón með veitingunum, nefndi formaður þær Helgu Ágústsdóttur og Guðr. Jónasd. henni til aðstoðar við tilhögun þessu viðkomandi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir

95. fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfélaginu Björk heima hjá formanni 8. sept. 1956.

Guðrún Jónasd. var fundarstjóri en Margrét Jóhannesd. ritari.

Fundarstjóri las síðustu fundargerð og var hún samþ. Þá las hún fundargerð síðasta aðalfundar K.B.

Fundur þessi var aðallega boðaður til þess að sýna konunum munina þá, sem kvenfélagið hyggst að gefa Hvammstanga-kirkju, þegar hún verður vígð, og voru nú nýlega komnir í hendur formanns. Er þetta altarisklæði og hökull. Létu konurnar í ljós ánægju yfir munum þessum.

Þá bar formaður undir fundinn hvort kvenfélagið ætti að ráðast í að panta fleiri næsta ár fermingarkirtla, sem í ráði hefir verið að gefa til kirkjunnar. Var það samþ. Nokkuð var um það rætt, hvort ætti að kaupa efni í þá og konurnar saumuðu þá sjálfar, til að spara gjaldeyri. En afráðið var að panta þá tilbúna.

Þá var lesið upp bréf frá Kvenréttinda-félagi Íslands, þar sem það óskar eftir að kvenfélagið gangi í sama félagsskap. Voru allar konurnar sammála um að hafna því, þar sem Björk er í Kvenfélagasambandi Íslands.



Að síðustu var lesið upp bréf frá Jónínu Baldursdóttur, þar sem hún þakkar gjöf, sem kvenfélagið sendi henni síðastliðið vor.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir

96. fundur.

Mánudaginn 5. Nóv. 1956 var fundur haldinn í Kvenfélaginu Björk. Níu konur mættu.

Form. setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Kristínu Gunnarsdóttur og fundarskrifara Guðr. Jónasd. Fundargerð síðasta fundar upplesin og samþ.

Formaður byrjaði á að tala um hvort konurnar væru ekki einhuga um að gefa altarisdúk í nýju kirkjuna, en á það hafði lauslega verið minnst áður. Var einróma ákveðið að biðja frú Jósefínu Helgadóttur að annast pöntun á honum hjá biskupsskrifstofunni.

Þá var talað um að hafa skemmtun næsta laugardag – félagsvist og dans. – Þrjár konur voru kosnar til að sjá um skemmtunina, þær frú Ingveldur Jónsdóttir, Margrét Jóhannesd. og Sigríður Sveinbjarnardóttir.

Þá barst fundinum ósk frá Mörtu Albertsdóttur, um að hún ætlaði að svara konum eftir kaffi í leikskúrnum

en í henni voru áður þær Marta og Helga Hjástod.
Í nefndinni hefði verið með þeim Ingibjörg Jónsd.
sem nú er flutt í burtu. Óskuðu nefndarkonur helst
eftir að fá Þóru Eyvaldsdóttur og Ingigerði Daníelsd.
í nefndina með sér og var það einróma samþ.
Eftir beiðni fundarkvenna lofaði Ingr. Guðbjarnardóttir
að segja af Danmerkurferð sinni á næsta fundi; sem
ákveðið var um að yrði seint í þessum mánuði.
Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir

97 fundur.



Fundur var haldinn í kvenfélaginu
á Hvammstanga 5. desember 1956.
12 konur voru mættar.
Fundarstjóri var Kristín Gunnarsdóttir. Setti
hún fundinn og las upp síðustu fundargerð
og var hún samþykkt.
Lesið var upp og rætt bréf frá frú
Jósefínu Helgadóttur um námskeið, sem
fyrirhugað er síðari hluta vetrar í austursýslu
og fleiri. Talað var um hvar og hvernig
því yrði hagað, en ekki teknar neinar
ákvarðanir. Verður um það rætt síðar.
Lesið var upp bréf frá Kvenfélagasambandi
Íslands, sem ekki var rætt til hlítar.
Einnig var lesið upp bréf frá K.B.
Undirbúningsnefnd hefði verið kosin til að
undirbúa skemmtun, eða afmælishóf,
en K.B. á 40 ára afmæli árið 1958.
Rætt var um barnaskemmtun. Rætt miður
við undirbúning, bakstur, skreytingar o.fl.
Fleiri mál ekki tekin fyrir.
Fundi slitið.

Guðrún Jónasdóttir

98. fundur

Aðalfundur kvenfélagsins „Björk“ var haldinn í ~~kvenfélagsins~~ samkomuhúsinu á Hól. 9. febr. 1957
17 konur voru mættar, sökum ótíðar hafði ekki þótt fýsða að boða til fundar fyr en þetta (eða í janúar eins og lögin ákveða) Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.
Konurnar byrjuðu á að setjast að sameiginlegri kaffidrykkju. Að henni lokinni sagði Sigríður Sveinbjarnard. frá för sinni á þing Húsmæðrasambands Norðurlanda í Danmörk á síðasti liðnu sumri. Að því loknu hófust venjuleg aðalfundarstörf. ~~Forf~~ Form. las upp bréf frá Sigríði Guðjónsdóttur þar sem hún segir sig úr félaginu.
Þá sýndi form. munstur, af blúndu sem henni hafði verið send sem sýnishorn utan um altarisdúk sem talað hafði verið um að kaupa, var gengið til atkvæða hvort dúkur skildi pantaður og var það samþykkt. Einnig var ákveðið að kaupa 9 fermingarkyrtla og gefa þá Hríju-kirkjunni
Þá gaf gjaldkeri félagsins yfirlit um fjárhag félagsins, og verða þar skýrslur



ekki raktar hér, þá sagði hún að mágur sinn Þorsteinn Díómedesson hafi gefið félaginu 500 kr í kvenfélagssjóð sem viðurkenningu fyrir störf félagsins.
Þa. var gengið til kosninga Guðrún Jónasd. átti að ganga úr stjórn. Elsa Bjarnad. var kosin ritari í hennar stað með 8 atkv. og Elísabet Ólafsd. varamaður hennar.
Þá fór fram kosning á 2. fulltrúum til að mæta á aðalfundi K.B. kosnar voru þær Steinvör og Margrét til vara Guðrún og Þorbjörg. Þá var talað um vinnu þegar leikið yrði leikritið „Festarmær að láni“ Elsa var kosin til að sjá um dansinn til að sjá um veitingar þær Þorbjörg Sigríður og Ingibjörg Ferri eða Jórunn kosin var vara formaður í stað Ingibjargar sem flutt er burtu og var Marta Albertsd. kosin í hennar stað.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir
Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

99. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu „Björk" 14 marz '57. 12 konur voru mættar Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Kristínu Gunnarsdóttur en ritara Margréti Jóhannesdó
Lesin var upp fundargjörð aðalfundar og hún samþykkt. Þá var lesið upp bréf frá Soffíu Þorleifsd. og Rannveigu Þorstein um leiðbeiningar um félagsstörf
Því næst var tekið til umræðu móttaka Heimilisráðunautsins og fyrirkomulag væntanlegs námskeiðs sem hún heldur hér í vor. Bauðst Elsa til að lána eldhús ef það þætti nægilega stórt einnig voru gefnar góðar vonir með pláss fyrir handavinnu. Þá var eftir að útvega fæði og húsnæði handa kennaranum.
Ekki var ráðið fram úr því á fundinum en stjórn falið að sjá um það sem og annað er þurfti varðandi námskeiðið
Formaður vakti máls á því hvort ekki ætti að hafa einn skemmtifund á vetri var hún mjög þessu hvetjandi
Tóku fleiri konur undir það. Nefndar voru í skemmtinefnd þær Steinvör Þórbjörg og Elsa Fleira var ekki gert
fundi slitið m. J.
Elsa Bjarnadóttir



100. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu „Björk" 26 apríl '57 fundarstjóri var nefnd Margrét Jóhanesd. las hún upp síðustu fundargjörð og hún samþykkt.
Þá tók form. til máls og talaði um fyrirhugað námskeið sem aðallega er hugsað að verði í matreiðslu, leitað hafði verið fyrir um húsnæði fyrir kennara og eldhúspláss til að kenna í.
Þorbjörg Ólafsdóttir hefur dregist á að taka kennarann og Elsa Bjarnad. bauð að lána eldhús ef nothæft þætti. Þá var eigi annað hægt en ákveða daggjald og var ákveðið að það yrðu 25-30 kr og kvennfélagið bæri halla ef einhver yrði
Gjaldkeri félagsins Karlína Jóhanesd. sagði frá hvað komið hefði inn fyrir leikskemmtanir félagsins og verður það eigi rakið hér. Þá var kaffi drukkið sungið og dansað, síðan fundi slitið

fundarritari
Elsa Bjarnadóttir

101. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu „Björk" 27 maí 12 konur voru mættar Form. nefndi til fundarstjóra Helgu Ágústsd. til ritara Guðrúnu Jónasd.
Fundargerð frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt. Þá var lesið upp bréf frá Sig. Tryggvasyni þar sem hann fyrir hönd sóknarnefndar Kirkjuhvammssóknar fer fram á að kvennfélögin í sókninni taki að sér umsjón á kaffiveitingu við væntanlega vixlu á Hvammstanga kirkju sem fram á að fara 21 júlí n.k.
Form. gat þess að kvennfélagið Sigurvík mundi verða við tilmælum sóknarnefndar ef kvennfélagið Björk skipulegði að mestu undirbúning að veitingum. Rabbað var um þetta nokkra stund og varð útkoman sú að samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að svara bréfi sóknarnefndar þannig að kvennfélagið mundi takast þennan vanda á hendur

Fleira var ekki gert á fundinum

Guðrún Jónasd.

Elsa Bjarnadóttir

102. fundur



Fundur var haldinn í kvennfélaginu „Björk" 23 okt. '57 8 konur voru mættar Setti form. fundinn og nefndi til fundarstjóra Þorbjörgu Ólafsdóttur og ritara Margréti Jóhannesd.
Þá var lesin upp fundargjörð síðasta aðalfundar K.B.
Form. bar fram beiðni til kvennfélagsins frá Bergstaðahjónunum um að sjá um veitingar við jarðarför Ingibjargar Árnadóttur sem fram átti að fara 28 okt var því vel tekið og skiptu konur með sér verkum. Þá var borin fram spurning frá K.B. hvort félagið óskaði eftir að gerast meðlimur í skógræktarfélagi V-Hún. sem í hyggju er að stofna ef nóg þátttaka fæst. Sökum þess hvað fundurinn var illa sóttur var það mál látið bíða. Af sömu ástæðu var einnig frestað að kjósa auka konu í afmælisnefnd K.B. sem þó liggur fyrir
Formaður o sagði frá því að Form. K.B. hefði boðist til að reyna að útvega danskennara hingað í vikutíma en það mál kom til umræðu á aðalfundi K.B. í vor. Eftir nokkrar umræður var þó afráðið að hugsa ekki um það að

svo stöddu en reyna heldur að
fá einhverja hér til að kenna börnunum
lítilsháttar að dansa. Var framkvæmd
í málinu falin þeim Karólínu
Jóhannesdóttir og Þóru Sigvaldad.
Fleira var ekki gert fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir



## 103. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu
„Björk" laugardaginn 7. des. 1957
6 konur voru mættar, fundarstjóri var
kosin Margrét Jóhannesdóttir og ritari
Elsa Bjarnadóttir.
Lesin var upp fundargjörð frá fundi
K. B. á Laugabökkum í haust var
þar aðallega rætt um afmæli K. B.
í vor er hugmyndin að reyna að
fá Reykjaskóla fyrir afmælishófið
Þá starfar heimilissýningarnefnd er
ætlunin að hafa heimilisiðnaðar
sýningu í sambandi við afmælið
héðan eru starfandi í þessari afmælis-
nefnd þær Matta Albertsd. og Margrét
Jóhannesdóttir og vantaði þá eina til
viðbótar og var hún nú kosin Guðrún
Jónasdóttir.
Þá var rætt um jólatrésskemmtun sem
ákveðið er að halda laugardaginn
milli jóla og nýjárs og ákveðið var
að kaupa epli 120 st. jólatré og fleira
sem til þarf (1½ kg. kókó). Til umræðu
kom að reyna að hafa félagsvist og dans
á annan í jólum var Elsu Bjarnad. og
Helgu Ágústsd. falið að sjá um það og taka
sér aðstoð ef með þarf. Elsa Bjarnad.

Aðalfundur Kvennfélagsins Björk
var haldinn á sunnudaginn 9. febr. 1958
17. konur voru mættar. Formaður setti
fundinn og stjórnaði honum.
1. kona gekk í félagið Frú Margrét
Gísladóttir var hún boðin velkomin
með öllum greiddum atkvæðum
Formaður las upp lög félagsins
eins og skyldan býður.
Ein kona gekk úr félaginu Ingigerður
Danelsdóttir og einnig gekk úr
félaginu Kristín Gunnarsdóttir sem
flutt er úr byggðarlaginu.
Gengið var til kosninga kjósa þurfti
formann Þóra gaf kost á sér og var
kosin á ný til 3. ára með 11. atkvæðum.
næsta atkvæðafjölda hlaut Þorbjörg Ólafsd.
og er því varaformaður.
Þá var Helga Ágústsd. kosin í fjáröflunar
nefnd í stað Ingigerðar og Karólína
varamaður hennar.
Þá voru kosnar til að endurskoða
reikninga félagsins þær Guðrún Jónasd.
og Þorbjörg Ólafsdóttir.
Kosnar voru fulltrúar til að mæta á
aðalfundi K.B. í vor þær Sólfríður
Jósafatsd. og Steinvör Benónýsdóttir til

vara Helga Ágústsdóttir.
Formaður las upp fundargjörð aðalfundar K. B. í fyrra vor og frá fundi á Laugabökkum í haust sem áður hefur verið rætt.
Karólína las upp reikninga félagsins og verða þeir ekki raktir hér.
Í dvalarheimilissjóðsbók félagsins eru nú 9840,98 kr. og var ákveðið að fylla það í 1000,00 kr. og hafa það tilbúið til afgreiðslu þegar með þarf.
Formaður las upp beiðni frá Guðm. Björnssyni fer hann fram á að félagið taki að sér veitingar við kveðjuathöfn móður hans Margrétar Guðmundsdóttur 13. þ. m.
Kosið var í spilakvöld og voru kosnar þær Þorbjörg og Signin.
Þá var kaffi drukkið rætt um daginn og veginn síðan fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir





Fundur var haldinn í kvennfélaginu Björk miðvikudaginn 26 mars '58
lesin var upp fundargjörð frá aðalfundi og hún samþykkt. Ákveðið var að sjá um kaffi handa nefndarkonum sambandsins ef það kæmi hér saman ef með þyrfti til undirbúnings fyrir afmælishátíðina.
Minnst var á hvort félagið gengi í Skógræktarfélagið en ekki gengið frá því vegna þess að upplýsingar voru ekki nógar fyrir hendi.
Einnig var minnst á garðinn að unnið yrði í honum í vor.
Síðan var skemmtifundur

Elsa Bjarnadóttir

106. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu
Björk 5 maí '58
10. konur voru mættar lesin var
upp fundargjörð frá fundi K. B.
sem haldinn var á Hól. 17. apríl
þar fjölluðu um fyrirhugaða ársskemmtun
K. B. sem haldinn verður á Hól. 27. júlí
einnig var rætt á þessum fundi
um undirbúning afmælishátíð K. B.
í sumar.
Ákveðið var að Björk legði fram
300 kr. í Happdrætti K. B. í sumar
þá kom á Björk að baka 20 rjómatertur
til afmælishátíðinnar sem askift var niður
þá var ákveðið að halda skemmtun
17. júní. og leika þá „fjölskyldan fer út að
skemmta sér" til að sjá um það
voru kosnar Karolína og Elsa.
Einnig koma til mála að reina að
fá skólastjóram í Reykjask. til að halda
ræðu og láta þá byrja með því.
þá var rætt um að safna í tombólu
og reina halda hana í sumar t.d. í
september til þess voru kosnar Helga
Sólfríður Karolína Elsa og Guðrún til vara
síðan fundi slitið
Elsa Bjarnad.



107. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu
Björk mánudaginn 8. des. '58.
Eina málið sem á dagskrá var,
var undirbúningur jólatrésskemmtunar
Margrét í Lyngholti kom með þá tillögu
að skipta börnunum, láta yngri börn
en 7. ára koma kl. 2.30 og vera til 6
og eldri börn koma kl 7.30 og vera til 12
málið var rætt og síðan samþykkt
þá var raðað niður bakstri og öðru eins
og að venju
Formaður bar fram fyrirspurn hvort
konur hefðu áhuga fyrir að koma á
dansleik um jólin eða spilkvöldi
var því eigi tekið líklega og því eigi
rætt frekar
síðan fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir

108 fundur

Aðalfundur kvennfélagsins Björk
var haldinn 28 jan. 1958
15 konur voru mættar
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.
hófst fundur með kaffidrykkju eins
og að venju á aðalfundi, þá fengum
við gest í kaffið Frú Kristínu Gunnarsd.
sem hér var stödd og gerði það
mikla lukku.
Frú Karolína las upp reikninga félagsins
verða þeir ekki raktir hér.
Inneign félagsins í árslog voru 6652,78 kr
reikningar félagsins voru samþykktir
Gengið var til kosninga, úr stjórn
átti að gjaldkeri að ganga Karolína gaf
kost á sér og var þrí endurkosin
til þriggja ára til vara var kosin
Margrét Lyngholti
Kosnir voru fulltrúar til að mæta á
aðalfundi K. B. i vor flest atkvæði
hlutu Steinvör og Elsa fyrsti varamaður
Guðrún Jónasdóttir annar varamaður
Elísabet Ólafsdóttir.
Endurskoðendur verða þeir sömu Þolbjörg
og Guðrún eins er Helga Ágústsdóttir
áfram í fjáröflunar nefnd
Formaður talaði um hvort ekki yrði hægt



að hafa einhverntíman skemmtun
t.d. spilakvöld til þess voru nefndar
Margrét Gísladóttir og Náttfríður Jósafatsdóttir.
Fleiri mál ekki tekin fyrir
Fundi slitið

Elsa Bjarnadóttir

Fundur var haldinn í kvennfélaginu
Björk 14 júlí 1959
Formaður setti fundinn 8 konur voru
mættar
Jósefína mætti á fundinum og talaði
um kirkjuna, og óskaði eftir að konurnar
hugsuðu meira um kirkjuna en verið
hefir, prýða hana og þrífa og halda henni
í standi alla tíma
Annað mál sem Jósefína ræddi var um
garðinn, hvort ekki væri hægt að
stækka garðinn og athuga þá hvort
ekki fengist styrkur út á hann frá
hreppnum og kanski frá ríkinu en
fyrst yrði að fá hann stækkaðan
og fá svo stúlku til að vinna í honum
og þá svo stúlku til að vinn í honum
af og til yfir sumarið, þá stakk hún
upp á að skrifa hreppsnefndinni og biðja um
land í kring um garðinn sem og gert var

Formaður raðaði því niður sem
við eigum að gera á sambands-
fundi í ár.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir
fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir

110. fundur



Fundur var haldinn í kvennfélaginu
Björk 28-8.
10 konur voru mættar.
Rætt var um garðinn nú er garðyrkju-
ráðunautur ríkisins búinn að koma
og skoða garðinn og umhverfið
og ráðleggur að fá til viðbótar
fyrir sunnan garðinn 100 m. suður og
upp í refagirðingu. rætt var um að
fá Jósefínu til að kynna sér hvað
ríkisstyrkur mundi geta orðið og fleira
þessu við komandi.
Þá var tekið fyrir aðal mál ~~félagsins~~
fundarins, formaður talaði um
að félagið legði eitthvað til að
styrkja litla drenginn sem slasaðist
í sumar ([illegible])
Þá er að afla fjár. rætt var um að
reyna að fá smárakvartettinn frá Akureyri
til að koma og syngja og hafa svo
tombólu og dans og láta það sem
inn kæmi renna í styrktarbók
drengsins, talað var um að félagskonur
létu nokkra drætti og svo keypti félagið
í drætti einnig mætti hafa nokkra
kaffi miða í drætti, það þyrfti að vera
4-5 hvert númer vinningur fleira ekki tekið
fyrir fundi slitið Elsa Bjarnadóttir

111. fundur

Fundur var haldinn í kvennfélaginu Björk heima hjá Elsu Bjarnadóttir sunnudaginn 13 des. 1959 10 konur voru mættar.
Lesin var upp ~~lög~~ fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
Það sem lá fyrir fundinum var að ræða um jólatrésskemmtunina.
Marta Albertsdóttir lýsti eindregið óánægu sinni og ýmsra annara kvenna utan kvennfélagsins yfir þeirri breitingu sem gerð var á fyrirkomulagi skemmtunarinnar í fyrra, þegar börnunum var skipt í 2 flokka. Málið var nokkuð rætt og síðan samþykkt með meiri hluta atkvæða að hafa gamla fyrirkomulagið að hafa öll börnin saman.
Þá bar Þorbjörg Olafsdóttir fram þá tillögu að hætta við hinar almennu veitingar sem verið hafa á jólatrésskemmtunum þar sem það yki svo mikið alla vinnu við skemmtunina. Vildi bara láta gefa börnunum epli og sælgæti.
Karolína mælti mjög ákveðið móti því að almennar veitingar væru lagðar niður, á legt að sú breiting mindi orsaka leiðinlegan svip og stemmingu



á skemmtuninni.
Einhverjar af konunum fylgdu Karolínu að málum. Eftir nokkuð málþóf var þó samþykkt með meirihluta atkvæða að almennar veitingar yrðu feldar niður, en börnunum gefin epli mjólk og kökur eins og þau vildu. Þá var kökubakstrinum raðað niður á konurnar.
Síðan var sest að kaffiborði og veitti Elsa fundarkonum kaffi af rausn.
Héldu svo hver til síns heima

M. J.
fundarritari

Elsa Bjarnadóttir

1960 112. fundur

Aðalfundur kvenfélagsins Björk var haldinn sunnudaginn 20 marz 1960 16 konur voru mættar. 3 konur gengu í félagið. Frú Sigurbjörg Guðmannsdóttir Frú Guðrún Guðmundsdóttir og Þóra Steinbjörnsdóttir. Voru þær allar samþykktar og boðnar velkomnar

Fundurinn byrjaði með kaffidrykkju eins og venja er á aðalfundum.

Byrjað var á að lesa upp lög félagsins Samkvæmt félagslögum á aðalfundur að vera í Janúar en sökum veikinda formanns var það ekki hægt fyr

Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt. Þá las form. upp fundargerð aðalfundar K.B. frá því í vor

Þá var rætt um garðinn. Í garðnefnd voru fyrir Þóra Sigvaldadóttir, Ingibjörg Jónasdóttir og Helga Ágústsd. nú voru kosnar til viðbótar þær Margrét Jóhannesdóttir og Elsa Bjarnadóttir Þá bar Margrét fram svohljóðandi tillögu. Fundur í kvenfélaginu Björk haldinn 20 marz 1960 samþykkir að enda þótt hreppurinn láti af hendi



land það sem beðið hefur verið um til viðbótar við skrúðgarð félagsins, verði ekki lagt í kostnað við það land fyr en garðurinn sem fyrir er er kominn í viðunandi horf og kvenfélagið sýnir að það geti haldið honum í sæmilegu ástandi Verði það fé sem þegar er fyrir hendi og á að ganga til garðsins fyrst og fremst lagt í hann eftir því sem þurfa þykir.

Tillagan var samþykkt með meiri hluta atkvæða

Úr stjórn átti að ganga ritari og var kosin í hennar stað Margrét Jóhannesdóttir. til vara Elisabet Olafsdóttir.

Kosnir voru fulltrúar á aðalfund K.B. kosningu hlutu Frú Steinvör Benonýsd og Frú Guðrún Jónasd.

Aðalfundur K.B. á að vera á Hvammstanga í vor og voru kosnar 3 konur til sjá um veitingar á honum. Voru það þær Elisabet Olafsd. Anna Guðmundsd. og Elsa Bjarnadóttir.

Helga Ágústsd er áfram í garðflunarnefnd

Formaður las upp bréf frá Náttfríði Jósafatsd. þess efnis að hún segi sig úr kvenfélaginu Björk. Gjaldkeri las upp

1966

reikninga félagsins og voru
þeir samþykktir
Ílleiri mál voru ekki tekin fyrir
Fundi slitið
Elsa Bjarnadóttir
fundarritari

Margrét Jóhannesdóttir



113. fundur

Mánudaginn 9. maí var fundur haldinn í kvenfélaginu Björk. 7 konur mættu
Tilefni fundarins var það að svara þurfti bréfum sem komin voru frá formanni K.B.
Varaformaður félagsins frú Þorbjörg Ólafsdóttir boðaði til fundarins og stjórnaði honum sökum fjarveru aðalformanns.
Fyrst las hún bréf þess efnis að kvenfélögum í K.B stæðu til boða að fá Steinunni Ingimundadóttir húsmæðraráðunaut. með sýnikennslu í matreiðslu og fyrirlestra einhverntíma í maí ef næg þátttaka fæst.
Lítill áhugi var fyrir þessu meðal þeirra kvenna sem þarna voru mættar. Aðeins 3 af þeim gerðu ráð fyrir að taka þátt í sýnikennslunni ef hún yrði. En þar sem vitað var um 2 aðrar konur sem ekki gátu mætt á fundinum en höfðu áhuga fyrir þessu, var ekki talið rétt að svara þessu neitandi, heldur leita frekar eftir svari frá konunum, þó þær væru flestar nefðu

ritað um þetta áður og ekki sýnt áhuga fyrir því. Margrét Gísladóttir tók að sér að fara á milli kvennanna og var samþykkt að óska eftir Steinunni ef 8-10 konur væru því fylgjandi. Var svo málið tekið út af dagskrá. Þá var boð frá Kvenfélagasamb. Íslands um þátttöku í norðurlanda móti kvenna í Svíþjóð. Var því boði svarað neitandi. Að síðustu var ósk um það frá frú Jósefínu að kvenfélögin í K.B leggi til 100 kr hvert til kaupa á afmælisgjöf handa Kristínu Gunnarsdóttur ritara K.B. en hún verður 70 ára í sumar. Ætlaði kvennabandið að bæta við upphæðina því sem til vantaði. Var þetta samþykkt einróma. Fleira var ekki gert.

Fundi slitið

Margrét Jóhannesdóttir
fundarritari



114. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk heima hjá formanni, föstudaginn 13 maí. 13 konur mættu. Lesnar voru upp. fundargerðir 2 síðustu funda og þær samþykktar.

Þorbjörg Ólafsdóttir tilkynnti að von væri á húsmæðraráðunautnum í næstu viku, og var nú meiri áhugi en á síðasta fundi, fyrir því að fá hana, enda búið að ákveða að fá hana einn dag. Ætlaði Þorbjörg að sjá henni fyrir húsnæði og fæði en sýnikennslan að fara fram í eldhúsi þinghússins.

Þá bar formaður fram beiðni til kvenfélagsins frá Karli Hjálmarssyni, um að taka að sér veitingar í hófi sem fyrirhugað er að halda í tilefni af opnun nýju sölubúðarinnar og einnig 50 ára afmæli K.V.H. Var búist við nokkrum hundruðum manns.

Höfustnú umræður um málið. Þar sem ekkert hafði verið

gert til fjáröflunar í félaginu
á liðnum vetri, vildu konurnar
flestar gjarnan vinna að þessu.
En þegar til kom treysti engin
sér til að taka að sér forustu
verksins, svo við borð lá að hætta
yrði við allt saman.
Að síðustu tóku þó þær Karó-
lína Jóhannesd. og Elsa Bjarnad.
forustuna að sér, og hétum við
hinar þeim þegnskap og hollustu
í hvívetna.
Var svo stjórninni falið að fara
til Karls kaupfélagsstjóra og
fá nánari upplýsingar og
semja um ýms smáatriði
þessu varðandi
Fleira ekki gert Fundi slitið
fundarritari
Margrét Jóhannesdóttir



115. fundur

Þriðjudaginn 23 ágúst var haldinn
fundur í kvenfélaginu Björk.
heima hjá formanni. 11 konur mættu
Formaður setti fundinn og nefndi
til fundarstjóra Jósefínu Helgadóttir
Lesin var upp fundargerð síðasta
fundar og hún samþykkt
Þá tók formaður til máls.
Minntist hún nýlátins heiðurs
félaga frú Ingibjargar Jónasdóttir
ljósmóður, bað hún fundarkonur
að rísa úr sætum henni til
heiðurs. Því næst skýrði hún
frá því að sér hefði dottið í hug
hvort kvenfélagið sæi sér kleift
að gefa lýsandi kross á kirkju
turninn til minningar um frú
Ingibjörgu og hafði hún beðið
frú Jósefínu að grennslast eftir
hvað slíkur kross mundi kosta
og bað hún hana nú að
gefa upplýsingar um það.
Jósefína kvaðst hafa talað
við mann sem smíðaði slíka
krossa, og kostuðu þeir með
öllu tilheyrandi Kr 15000.00
og þar að auki uppsetningu

sem að sjálfsögðu yrði nokkuð
dýr. Konurnar voru allar
hlynntar þessu máli en óx
kostnaðurinn í augum. og var
nú tekið til að ræða um leiðir
til að klífa hann.
Formaður kom með þá tillögu
reyna að fá kvenfélagið Sigurósk
í lið með sér þar sem meiri hluti
þess væri í Hvammstangasókn.
Einnig að efna til frjálsra
samskota í þessu tilefni.
Samþykkt var að reyna þetta
og var Jósefínu falið að panta
krossinn. Þó var það ekki fullráðið
fyr en búið væri að tala við „Sigurósk“.
Næst kvaddi frú Jósefína sér hljóðs.
Skýrði hún frá því, að þegar hún
sagði ~~frá~~ af sér formannsstörfum
við kvennabandið hefði hún
heitið því að verja starfskröftum
sínum til að prýða Hvammst.
sem sér þætti alltaf vænt um síðan
hún hefði átt þar heima.
Nú væri það sitt brennandi
áhugamál að koma þar upp
almennings listigarði. Væri hún



þetta
þegar búin að kaupa á gosbrunnsstyttu
í garðinn. Styttan er eftir Guðmund
frá Miðdal og kostar kr 10.000,oo
Nú hét hún á kvenfélagið til hjálpar
sér, að öðrum kosti yrði hún að leita
aðstoðar annara, sem sér væri þó
þvert skapi. En garðinum ætlaði hún
sér að koma upp svo framarlega
sem sér entist líf og heilsa til
Í fyrstu tóku konurnar þessari
málaleitni dauflega þar sem vinna
við risir þann að skrúðgarði
sem þær hafa haft með höndum
undanfarin ár hefur gengið mjög
dauflega. Þótti þeim ekki hlýða
að færast meira í fang að sinni
En þegar svo við nánari umræður kom
í ljós að hjálp sú sem Jósefína óskaði
eftir af félaginu var eingöngu
við fjáröflun til garðsins og svo
að garðurinn mátti vera á kvenfélagsins nafni. en umsjón með öllum
verklegum framkvæmdum ætlaði
hún að hafa sjálf. gáfu konurnar
ekki lengur spyrnt við broddum.
Og þar sem líka Jósefína á
undanförnum árum með stjórn

stjórn sinni í K. B. hefur unnið
sér það álit að hún geti komið
því í framkvæmd sem aðrir telja
ókleift, hétu félagskonur henni
aðstoð sinni, með þeirri ósk að
hún mætti leiða þetta mál
jafn farsællega til lykta og þau
önnur mál sem hún hefur haft
afskipti af til góðs fyrir okkar
byggðarlag.
Þá var ákveðið að hafa hlutaveltu (og dans
í haust til ágóða fyrir garðinn
Voru kosnar í skemmtinefnd
Jósefína, Elsa, Anna Helga
Karólína og Þóra.
Fundi slitið

fundarritari
Margrét Jóhannesd.





16 desember var haldinn fundur
í kvenfélaginu Björk heima hjá
formanni 9 konur mættu
Aðalefni fundarins var að tala um
jólatrésskemmtunina.
Formaður byrjaði á því að lesa
upp bréf frá ~~frá~~ félagasamtökunum
Vernd. sem hefur það á stefnuskrá
sinni að hjálpa því fólki sem
gerst hefur brotlegt við lögin.
Eru þau að leitast við að efla þessi
samtök með auknum meðlimum
Óska eftir bæði félögum og ein-
staklingum í samtökin. Félags
gald er kr 100.00 fyrir félög en kr 50.00 fyrir
einstaklinga
Með því að tími til fundarhalds var
naumur var þetta mál ekki rætt
en konur beðnar að hugsa um það
Var þá jólatrésskemmtunin tekin fyrir
Eftir nokkurt málþóf var ákveðið
að hafa sama fyrirkomulag
með veitingar á skemmtuninni
og síðastliðið ár. Ákveðið var að
hún skyldi höfð 28 des. Þá var
raðað niður kökubakstri og fleira
Fundi slitið. fundarritari
M J

1961

## 117. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk heima hjá formanni 19. jan. 13 konur mættu
Lesnar voru uppfundargerðir 2 síðustu funda og þær samþykktar
Þá sagði formaður frá því, að eins og konurnar vissu, hefði ljósakrossinn verið settur á kirkjuturninn fyrir jólin, og hefði hann verið formlega afhentur kirkjunni að gjöf við messu á jóladag.
Las hún upp bréf þar að lútandi frá félögunum Björk og Sigurósk.
Fjársöfnunin til krossins gekk vel.
Safnaðist mikið til fyrir andvirði krossins, það sem til vantaði og uppsetningu gáfu félögin Björk og Sigurósk
Næst las formaður upp fundargerð frá fundi sem formenn í félögum K.B héldu í nov. síðastliðnum. Álit þess fundar var að þar sem dvalarheimilið væri nú komið upp þyrfti K.B að taka eitthvað annað



mál á stefnuskrá sína.
Komu uppástungur um að styrkja
1. byggingu félagsheimilis á Hvammst
2. Byggingu byggðasafns sýslunnar
3. Barnaskóla fyrir sýsluna
4. Að beita sér fyrir fegrun kirkna í sýslunni
Var þessu vísað heim í félögin til umsagnar og skyldu þau svara því fyrir febrúarlok
Einnig var óskað eftir svari, hvort félögin vildu hafa sama fyrirkomulag og verið hefur með happdrættið sem eingöngu er leyfi til að hafa til styrktar dvalarheimilisins
Höfust nú umræður um málið.
Konunum fannst þær þurfa að fá lengri umhugsunarfrest, og var því ákveðið að láta það bíða til aðalfundar að svara þessu endanlega.
Þá var rætt um að fara í eins dags skemmtiferð næsta vor og bjóða mönnunum sínum með, og láta félagið borga ferðakostnaðinn. Var gerður að þessu góður rómur

Að lokum var ákveðið að hafa skemmtifund bráðlega og var Marta Albertsdóttir tilnefnd að sjá um hann, og taka með sér þær konur sem hún vildi.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið

M. J.

fundarritari

## 118. fundur



Aðalfundur kvenfélagsins „Björk" var haldinn í þinghúsinu á Hvamst. 12. feb 16 konur mættu.

Byrjað var með kaffidrykkju

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Fyrst las hún upp lög félagsins svo sem venja er til á aðalfundum. Þá bar hún fram ósk um það að frú Steinvör Benó nýsdóttir yrði gerð að heiðursfélaga og var það einróma samþykkt

Þar næst voru bornar upp til inntöku í félagið 2 konur þær systurnar Sigríður og Dóra Edvaldsdætur og voru þær samþykktar með öllum greiddum atkvæðum

Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

Þá var lesið upp úrsagnarbréf frá Ingibjörgu Levi

Næst kom bréf frá ungm. félaginu Kormák. Benti það á það ófremdar ástand sem ríkir í samkomuhúsmálum á Hvammstanga og og Kirkjuhvamms hrepps. Vill það fara að nefna

handa um undirbúning að byggingu félagsheimilis sem lengi hefir verið ofarlega í hugum félagsmanna.
Óskar það eftir að öll félög á Hvammst. og nágrenni sem vilja ljá máli þessu lið sendi fulltrúa á fund sem haldinn verði 1. mars næst komandi
Málið var rætt um stund og var einhuga vilji félagskvenna að styðja þetta mál. Frú Elsa Bjarnad. var kosin fulltrúi.
Þá var tekið fyrir mál kvennabandsins sem lagt var fyrir konurnar á síðasta fundi
Auðheyrt var að þar höfðu hugsað málið þótti flestum að mest aðkallandi væri að K.B ynni að því að tryggja sér klubbdeild í húsnæði fyrir starfsemi sína og fanst þá tilvalið að það styrkti fyrirhugað félagsheimili á Hvammstanga þar sem reynslan hefði sýnt að samkomur félagsins bæru sig best þar. Var það samþykkt



með 12 atkvæðum.
Sigrún Jónsdóttir lagði fyrir fundinn svohljóðandi tillögu:: Það sem ég óska eftir að kvennabandið starfi fyrir á næstunni er það. Fyrst að sé skreitt í kringum kirkjur á svæði kvennabandsins. Annað að á þessu sama svæði sé öldruðu fólki t.d sem er 70 ára eða þar yfir hvort sem það er á sjúkrahúsi eða ekki, boðið í eins dags ferðalag að sumrinu og sé fyrirfram ákveðinn leiðarendi, og þar séu tilbúnar veitingar og einhver skemmtiatriði til að gera förina minnisstæðari
Tillögur þessari voru ekki greidd atkvæði á fundinum, en konunum þótti hún athyglisverð og vildu að hún yrði lögð fyrir kvennabandsfund.
Samþykkt var að gerast meðlimur í félagasamtökunum „Vernd"
Þá sagði formaður frá því að frú Jósefína hefði skrifað sér og hefði mælst til þess, að kvenfélagið gæfi Hérði lækni og frú sína málverk að gjöf að skilnaði þegar þau

fóru héðan. Var það samþykkt og frú Jósefínu falið að kaupa það og afhenda þegar þau kæmu suður, sem væntanlega yrði næstu daga.
Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og borguð voru árgjöld því næst var gengið til kosninga.
Úr stjórninni átti að ganga formaður og baðst hún eindregið undan endurkosningu.
Í hennar stað var kosin frú Elísabet Ólafsdóttir. Fráfarandi formaður bauð hana velkomna, og óskaði henni allra heilla í starfinu.
Jafnframt þakkaði hún félagskonum ánægjulegt samstarf og bað félaginu blessunar.
Varaformaður var kosin Elsa Bjarnadóttir. Vararitari Sigurbjörg Guðmannsd. Varagjaldkeri Anna Guðmundsdóttir
Fulltrúar á aðalfund K.B voru kosnar Guðrún Jónasdóttir og Anna Guðmundsdóttir til vara Sigurbjörg Guðmannsdóttir og Marta Albertsdóttir



Að síðustu mælti ritari nokkur orð. Þakkaði hún fráfarandi formanni langt og giftudrjúgt formannsstarf sem hún hefði unnið af sérstökum áhuga samvinnulipurð og góðvild Óskaði hún þess að félagið mætti lengi njóta starfskrafta hennar þótt hún um stundarsakir vildi sig frá formannsstörfum
Fundarkonur tóku undir þetta og klöppuðu formönnunum lof í lófa

Fleira var ekki gert
Fundi slitið
Margrét Jóhannesdóttir

119. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk, þriðjudaginn 21. marz 1961
Formaður félagsins Elísabet Ólafsdóttir setti Önnu Guðmundsdóttir fundarstjóra. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt
Fimm konur gengu í félagið Erla Pétursdóttir Ásdís Pálsdóttir Ásta Ögmundsdóttir, Rósa Guðjónsdóttir og Kristín Jónsdóttir.
Voru þar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.
Elsa Bjarnadóttir las fundargerð frá fundi sem stofnað var til af umf. Kormáki varðandi félagsheimili á Hvammstanga
Kosin var skemmtinefnd. Kosningu hlutu Anna Guðmundsd. Helga Ágústsd. og Sigurbjörg Guðmannsd.
Rætt var um að halda basar en engin niðurstaða fekkst
Kosnir voru fulltrúar á fund sem halda á til þekari umræðna um bygginga vantanlegs félagsheimilis Kosningu hlutu Elsa Bjarnadóttir og Margrét Jóhannesd.



til vara Elísabet Ólafsdóttir og Þóra Sigvaldadóttir
Kveðja barst frá Herði Þorleifssyni og fjölskyldu með pakklæti fyrir gjöfina. Formaður skýrði frá því að hún hefði skrifað Jósefínu Helgadóttir og beðið hana að útvega muni á hlutaveltu
Bornar voru fram kaffiveitingar
Síðan voru skemmtiatriði í fundarlok

Fundi slitið
fundarritari
Sigurbjörg Guðmannsd.

M.J.

## 120. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu
„Björk" fimmtudaginn 27. apríl
22 konur voru mættar. Lesin var upp
fundargjörð síðasta fundar og hún
samþykkt.
Formaður Elísabet Ólafsdóttir
setti fundinn og stjórnaði honum.
Bar hún fram tillögu um að ráða
danskennara í vor og var hún
samþykkt ef nóg þátttaka fengist.
Rætt var um ~~að~~ hvort félagskonur
myndu ekki vilja gefa einn hlut
hver í happdrætti K.B. í sumar, og var
það samþykkt.
Þá var blómagarðurinn tekinn til
umræðu. Frú Jósefína Helgadóttir
sýndi myndir af gosbrunnsstyttu
sem hún ætlar að útvega í garðinn
og einnig bauðst hún til að útvega
plöntur og rætt var um stokkum
á garðinum.
Ásdísi Pálsdóttir var bætt í garðnefnd-
ina í stað Ingibjargar heitinnar
Jónasdóttur og skipa þá nefndina
þessar konur: Þóra Sigvaldadóttir
Margrét Jóhannesdóttir Elsa Bjarna-
dóttir Helga Ágústsdóttir og Ásdís Pálsdóttir



Enn fremur ræddi frú Jósefína um
hlutaveltu og dans sem halda á
til ágóða fyrir garðinn 29. apríl.
Hafði Jósefína safnað munum á
þessa hlutaveltu sem og fleiri hluta
veltur sem haldnar hafa verið til
ágóða fyrir garðinn.
Frú Þóra Sigvaldadóttir bar fram
tillögu um að eitthvað væri reynt að
laga til í kring um kirkjuna
Málið var rætt en ekki afgreitt
Skemmtinefnd var falið að sjá um
skemtun 17 júní næstkomandi.
Síðan var kaffi og skemmtiatriði
Fundi slitið
fundarritari
Helga Ágústsdóttir

M.J.

121 fundur

Fundur var haldinn í kvenf. "Björk"
sunnudaginn 11 júní
Formaður setti fundinn og stjórnaði.
Lesin var fundargerð síðasta fundar
og hún samþykkt.
Formaður sagði frá því að kvenf.
"Sigurósk" ætlaði að fara eins dags
skemmtiferð til Akureyrar í þessari
viku. Vantaði það nokkur sæti
í bílinn, og vildi það bjóða félags-
konur úr Björk sitja fyrir þeim.
Enginn áhugi var fyrir þessu meðal
fundarkvenna og var málið tekið
út af dagskrá.
Þá var tekin til umræðu skemmti-
ferð sú, sem ákveðin var á fundi í
janúar í vetur. Var ráðgert að fara
um mánaðarmót júní og júlí og
þá helst að fara í kring um Skaga
Áttu konurnar að láta vita um
þátttöku til formanns fyrir 20 júní
Frú Þóra Sigvaldadóttir kvaddi sér
hljóðs. Sagði hún frá því að um
miðjan mánuðinn mætti búast
við Guðmundi frá Miðdal til að
setja niður gosbrunnsstyttuna
og þyrfti að eiga víst fæði fyrir



hann og gistingu. Ásdís Pálsdóttir
lofaði að láta hann hafa fæði ef
hún yrði heima en Þóra ætlaði að
veita honum gistingu.
Fulltrúi frá kvennalandsfundi
skýrði frá því að K.f. Björk ætti
að sjá um kaffisölu á K.B. skemmt-
uninni í sumar. Var skemmtinefnd
falið að ráða niður þessari vinnu
Af ófyrirsjáanlegum ástæðum var
ákveðið að hætta við skemmtun
sem ákveðið var á síðasta fundi
að hafa 17 júní.

Fleira ekki gert
Fundi slitið
M. F.
fundarritari

122 fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu
Björk 4 desember
Formaður setti fundinn og bað Margréti
Jóhannesdóttir að vera fundarstjóra en
Rósu Guðjónsdóttir fundarritara.
Fundargerð síðasta fundar var lesin upp
og samþykkt. Þá var lesin upp fundar
gerð aðalfundar K.B.
Síðan var orðið gefið laust og var byrjað
að ræða um mál skemmtinefndar
Skemmtinefnd tók til máls og rætt
var um hvort hægt væri að fá Bingó
Margrét Jóhannesd las upp bréf frá
Jósefínu Helgadóttir þar sem hún segist
vera búin að athuga um kvikmyndina
„Skipt um hlutverk“ Samkvæmt þeim
upplýsingum, þótti ekki ráð að leggja
í að fá hana í vetur
Rætt var um að hafa skemmtun
um hátíðarnar, og var hallast að því
að hafa bara félagsvist. annars var
skemmtinefnd falið að sjá um það.
Síðan bað Elsa Bjarnadóttir um orðið
og ræddi hún um að fá danskennara
var hún búin að athuga um það,
Var mikill áhugi fyrir því meðal
fundarkvenna



Síðan var lesið bréf frá Everest Trading
company. (heildverslun með föndurefni)
Var sam-þykkt að kynna sér hvað
þar væri á boðstólum og fá verðlista
Þá var rætt um jólatrésskemmtunina
Var Elsa Bjarnadóttir falið að
skipuleggja vinnu við hana.
Síðan var rætt um hvort ekki væri
möguleikar á að hafa basar næsta
haust. Nokkuð skiptar skoðanir
komu fram um þetta mál, en
var þó samþykkt með meirihluta
að kvaða að reyna það. Þó settu
sumar konurnar það skilyrði að
kvenfélagið borgaði efnið í munina
en konurnar gæfu vinnuna.
Fleiri mál voru ekki rædd.
Drukkið var kaffi og konurnar
skemmtu sér um stund undir
stjórn þeirra Ástu Ögmundsdóttir
Önnu Guðmundsd. Sigríðar Eðvaldsd.
og Rósu Guðjónsdóttir.

Fundi slitið
Rósa Guðjónsdóttir
fundarritari

M.J.

1962

123. fundur

Aðalfundur í kvenfélaginu „Björk" var haldinn 1 feb. hófst kl 20.30
27 konur mættu.
Formaður setti fundinn og stjórnaði konum. Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykkt
Þar næst bar formaður upp 2 konur til inntöku í félagið, þær Guðrúnu S Bjarnadóttir og Rósu Birnu Jónsdóttir. Voru þær samþykktar einróma.
Þá voru lesin upp lög félagsins.
Einnig bref frá „Vernd". þar sem lýst var ánægju yfir starfi þessara ungu samtaka í þágu þjóðfélagsins. þótti það hafa heppnast vel
Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhag félagsins, og þótti konunum hann vera framar öllum vonum því mikið hefur verið lagt í kostnað síðastliðið ár við garðinn þar sem gosbrunnurinn er, sem kostaði milli 20 og 30.000,00 kr
Formaður lagði til að félagsgjöld yrðu hækkuð úr 10 kr í 25,00 kr og var það samþykkt með meiri-



hluta atkvæða. Einnig óskaði form. eftir að félagskonur gæfu félaginu eina leirþurku hver. og var því vel tekið
Þá var gengið til kosninga.
Úr stjórn átti að ganga gjaldkeri
Fr Karólína Jóhannesd. og baðst hún undanegið undan endurkosningu.
Flest og jöfn atkvæði hlutu Anna Guðmundsd. og Ásdís Pálsdóttir. svo draga varð á milli þeirra, og kom upp hlutur Önnu, en Ásdís var vara gjaldkeri. Fulltrúar á kvenna-bandsfund voru kosnar, þóra Sigvaldadóttir og Elsa Bjarnadóttir
Fyrsti varamaður Helga Ágústsdóttir
annar varamaður Steinvör Brónýsd.
Endurskoðendur seitninga til þriggja ára Elsa Bjarnadóttir og Ásdís Pálsdóttir til vara Kristín Jónsdóttir.
Þá sagði formaður frá því að pantað hefði verið föndurefni frá Everest Trading Company.
Væri það nú komið, og ætlaði Anna Guðmundsdóttir að veita konunum tilsögn í föndri ef þær vildu

Vildi hún vita hvað margar konur
hyggðust notfæra sér það.
Gáfu 20 konur sig fram.
Tillaga kom frá skemmtinefnd
þess efnis að kvenfélagið færi fram
á samstarf við kvenf. Sigurvök
og ungmennafélögin Kormák og Hvöt
um að beita sér fyrir hátíðarhöldum
á Hvammstanga 17 júní í sumar
og skildi ágóði af þeim, renna til
væntanlegs félagsheimilis á H.v.t.
Tillagan var samþykkt.
Drukkið var kaffi.
Að því loknu kvaddi Þóra Sigvaldad.
sér hljóðs. Byrjaði hún á því að
þakka konunum fyrir störf sín í
þágu skrúðgarðsins. En Þóra var
frumkvöðull að garðmálum og
hefur hann jafnan síðan verið
hennar óskabarn. Þá bar hún
fram beiðni frá frú Jónu Annasd.
um að kvenfélagið tæki að sér
veitingar við jarðarfor manns
hennar Jóhannes Benediktssonar
og var það samþykkt með öllum
greiddum atkvæðum. Fleira ekki gert.
Fundi slitið Margrét Jóhannesd.
fundarritari



## 12~~4~~7. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu
„Björk“ þriðjudaginn 10/4 '62
17 konur mættu. Formaður setti
fundinn og setti frú Elsu Bjarnadóttir
fundarstjóra. Lesin var fundargerð
síðasta fundar og hún samþykkt
Kosin var skemmtinefnd fyrir
næsta ár. Kosningu hlutu. Ásta
Ögmundsd. Rósa Guðjónsd. og Elsa
Bjarnad. Varamaður Sigríður Eðvaldsd.
Gjaldkeri skýrði frá hvað inn kom
fyrir síðustu skemmtanir, sem hald-
nar voru 7 og 8 apríl ~~er~~ gamanleikur-
inn Apakötturinn var sýndur
Formaður talaði um barnaskemmtun
og skrúðgöngu á Sumardaginn
fyrsta sem nú ber upp á skírdag.
Var skemmtinefndinni falið að sjá
um þann undirbúning.
Frú Anna Guðmundsdóttir las upp
reglur um orlof húsmæðra og rætt
var um þær.
Kosin var garðnefnd. Kosningu
hlutu Margrét Jóhannesdóttir Ásdís
Pálsdóttir Helga Ágústdóttir Þóra
Sigvaldadóttir og Margrét Gísladóttir
Formaður las upp fundargjörð

frá fundi undirbúningsnefndar félagsheimilis byggingar fyrir Hvammstanga og Kirkjuhvamms hrepp. Áætlað er að Kvenfélagið „Björk" leggi fram 3% af áætluðum kostnaði eða Kr 86.400.00. Rætt var um þessa upphæð og fanst flestum hún helst til há, en að síðustu var hún þó samþykkt. Síðan var rætt um stað fyrir félagsheimilið. 3 staðir komu til greina. Er það lóð vegagerðarinnar og túnið þar við, fékk sú lóð flest atkvæði, Næst var Björnstúnið, og síðast lóð við íþróttavöllinn. Til að mæta á fundi undirbúningsnefndar var kosin Elísabet Ólafsdóttir og til vara Elsa Bjarnadóttir

Frú Þorbjörg Ólafsdóttir talaði um garðinn, sagði hann illa hirtann og bauðst til að taka endurgjaldslaust garðyrkjumann í fæði og húsnæði í viku tíma, ef félagið vildi útvega hann. Málið var rætt en ekki afgreitt

Kaffi var borið fram og fundi slitið

fundarritari Helga Ágústsdóttir

M.J.

## 125. fundur



Föstudaginn 14 sept 1962 var fundur haldinn í kvenfélaginu „Björk" Elísabet Ólafsd. formaður setti fundinn. Fresta varð að lesa síðustu fundargjörð vegna þess að ritari fundarins Helga Ágústsdóttir var fjarverandi. Björg Sigurðardóttir óskaði eftir að ganga í félagið og var það samþykkt samhljóða.

Elísabet Ólafsd. las upp bréf frá undirbúningsnefnd 17. júní hátíðarhaldanna, en að þeim stóðu 4 félög. Kvenfélögin Björk og Sigurósk og ungmennafélögin Kormákur og Hvöt

Í bréfinu var svohljóðandi tillaga.

Félögin samþykkja að fé 17. júní hátíðahaldanna að þessu sinni, sé lagt inn í einu lagi og sé geymt í Sparisjóði V.Hún með nafni félaganna Kvenfélaganna „Bjarkar og Siguróskar" og ungmfélaganna „Kormáks og „Hvatar". Til að tryggja að þessu samstarfi verði haldið áfram, leggjum við til, að aðalfundir félaganna kjósi einn úr sínum hópi árlega til að sjá um undirbúning og framkvæmd 17. júní hátíðarhaldanna hverju sinni, og skal nefndin ein hafa umboð til að ráðstafa fé bókarinnar í sambandi við 17 júní hátíðarhöldin hverju sinni. Fé það sem um ræðir vegna 17 júní hátíðarhalda er fyrirhugað sem framlag til byggingar félagsheimilis á Hv.tanga

og skal það skiptast í 4 hluta, og leggast
til bygginganna í nafni félaganna
Tillagan var samþykkt samhljóða
Næst tók til máls Þóra Sigvaldad. og skýrði
frá störfum garðnefndar. Sagði hún frá
komu Guðmundar frá Miðdal, en hann
kom til að gera við sprungur á stittunni
sem var keypt af konum í garðinn
Einnig bar hún fram tillögu um það
að kvenfélagskonur borguðu ekki aðgangseyri að dansleikjum sem þeirra
félag héldi. Var það samþykkt.
Skemmtinefnd sagði frá nýafstaðinni
hlutaveltu og dansleik sem félagið
hélt. Ágóði varð á sjöunda þúsund
Að síðustu talaði Elísabet um basarinn
sem samþykkt var í nóvember í fyrra
að reyna að hafa í haust. Voru sumar
konurnar með því að hafa basar og höfðu
eitthvað búið sig undir það, en aðrar
voru á móti því og sögðust ekkert
hafa. Voru Margrét Jóhannesd. og Anna
Guðmundsd. kosnar til að athuga um
þátttöku og síðan sjá um basarinn
ef af honum yrði. Fleiri mál voru
ekki á dagskrá. Fundi slitið
Anna Guðmundsdóttir fundarritari
M.J.



126. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu
„Björk" 12 nov 1962
Formaður setti fundinn og tilnefnd fundarstjóra Margréti Jóhannesd. og fundarritara
Sigríði Eðvaldsdóttir.
Lesin var fundargerð síðasta fundar og
hún samþykkt
Fyrsta mál á dagskrá var að Anna
Guðmundsdóttir skýrði frá því að
ágóði af basar sem kvenfélagið tók
þátt í í haust hefði verið kr 2525.00
Tíu konur hefðu látið muni á basarinn
Ennfremur var samþykkt að taka
þátt í basar aftur næsta haust.
Næst flutti formaður félagsins
Elísabet Ólafsdóttir orðsendingu
frá ungmennafélaginu „Kormákí"
hvort kvenfélagið mundi vilja
taka þátt í að kaupa „Bingó"
Málið var rætt en ákveðið að fresta
afgreiðslu fram í fundarlok
Anna Guðmundsdóttir spurðist
fyrir um hvort konur félagsins
vildu hafa föndurtíma í vetur
til dæmis tveggja mánaða námskeið eftir ára mót. Voru konur
því samþykkar

Næst var smá skemtiatriði.
Spilað var barna „Bingó“ af miklu fjöri. Marta veitti verðlaun.
Tyggjóplötu og brjóstsykurmola úr eigin vasa.
Síðan var borið á borð og gaffa-
grammt slegist við flugur og svo drukkið kaffi.
Tekin var nýr meðlimur í félag-
ið. Matthildur Jóhannsdóttir, og var hún samþykkt af öllum viðstöddum
Skemmtinefndin gerði grein fyrir ágóða af þryggja kvölda félags vist og dansi sem haldin var í byrjun október. Ágóðinn var rúmlega 4000.00 Kr
Að lokum var greidd atkvæði með „Bingo“ málinu með 16 atkvæð-
um af 20 konum mættum
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Sigríður Eðvaldsdóttir
fundarritari

M. J.



127. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu „Björk“ fimmtudaginn 6/12 1962
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum
Fundarritari var Ásta Ögmundsdóttir
Mættar voru 18 konur.
Formaður las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt
Tekið var fyrir það eina mál sem á dagskrá var. Jólatrésskemmtunin.
Las formaður upp lista með nöfnum þeirra (~~nöfnum þeirra~~) sem ætlað var að vinna við undirbúning skemmt-
unarinnar. Var málið síðan rætt og ákveðið að hafa skemmtunina með sama sniði og síðastliðið ár.
Þá kvaddi Margrét í Lyngholti sér hljóðs og talaði um Bingóið sem líkur eru á að komi fyrir áramót. Hvernig ætti að reka það, sér eða í félagi með hinum félögunum, var samþykkt að reka það í félagi, að minstakosti fyrstum sinn.
Einnig var samþykkt að skemmti nefndin starfaði að rekstri „Bingos ins“ með hinum félögunum er til kæmi.
Þá kvaddi Þóra Sigvaldadóttir

sér hljóðs og sagði frá því að þær Margrét Gísladóttir og Sigurbjörg Guðmannsd. hefðu gefið alla vinnu sína við kvenfélagsgarðinn síðastliðið sumar. Var þeim þakkað starfið.
Einnig fór Þóra þess á leit við þær að þær tækju að sér hirðingu á garðinum næsta sumar. Þær vildu ekki gefa neitt ákveðið svar við því að svo stöddu, töldu að margt gæti breytst á svo löngum tíma svo að þær hefðu ef til vill ekki ástæður til þess þá.
Fleiri mál voru ekki á dagskrá.
Þá var spiluð félagsvist. Flesta slagi fékk Sigurbjörg Guðmannsd. en Didda sat lengst við sama borð, eða 7 sinnum. Að vistinni lokinni var drukkið kaffi.

Fundi slitið

Ásta Ögmundsdóttir
fundarritari

M.J.

## 128. fundur.



Aðalfundur í Kvenfélaginu „Björk" var haldinn 29. jan. 1963 hófst kl. 20.30, 21 kona mætti. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Byrjaði hún á því að óska eftir inntöku í félagið fyrir 2 ungfrúr sem þarna voru mættar, þær Svanlaug Daníelsdóttir og Solveigu Árnadóttur, var það samþykkt og þær boðnar velkomnar í félagið. Þá las formaður upp félagslögin, og þar næst eftirfarandi bréf:

í Hveragerði 10/1 1963.

Kæru félagskonur:
Eins og þið auðvitað allar vitið eru þær ástæður hjá mér, að ég verð að segja mig úr Kvenfélaginu „Björk" En um leið og ég gjöri það, langar mig að þakka ykkur góðu konur af alhug, ágæta kynningu og margar ánægjustundir, sem ég hef átt með ykkur, bæði í félaginu og utan þess. Þó vil ég fyrst og fremst þakka margvíslega hjálp og vinsemd er þið sýnduð mér síðastliðið sumar, sem var mér óvandan

lega mikils virði. Því „Sá er vinur
sem í raun reynist". Einnig
þakka ég ykkur hjartanlega
jólaskeyti er þið senduð mér, sem
yljaði mér í sál og sinni um jólin
já og alltaf, því margar ánægju-
minningar mun ég alltaf eiga
frá Hvammstanga. Svo óska ég
ykkur öllum og félaginu ykkar
allra heilla og blessunar í framtíð-
inni. Verið allar margblessaðar
Guðríður Þórðardóttir
Mér líður ágætlega G.
Þá var lesin fundargerð síðasta
fundar og samþykkt, einnig
fundargerð frá aðalfundi K.B.
sem haldinn var á Tjörn í vor
Þar næst gerði gjaldkeri Anna
Guðmundsd. grein fyrir fjárhag
félagsins og lagði fram reikninga
Formaður las upp samning varð-
andi félagsheimilisbygginguna
Tilmæli komu frá eigendafundi
félagsheimilisins um að kvenfél-
agið gæti lofað ákveðnu fjárfram-
lagi til byggingarinnar. Þetta
ár. Eftir nokkrar umræður var



ákveðið að lofa kr. 30.000.00.
Virtist ríkja einhuga áhugi og
samstarfsvilji hjá konunum um
að vinna að því að hægt yrði
að standa við það loforð án
lántöku til þess. Þá gat form.
þess að ágóði af fyrstu Bingó
skemmtuninni sem hér var haldin
19. jan. hefði orðið rúmar kr. 5.000-
nettó eða fyllilega upp í fyrstu
afborgun af Bingóinu, sem kost-
aði kr. 15.000. Bætti hún sér
góðar vonir um tekjuöflun af
því í framtíðinni. Bingóið
eiga fjögur félög, ungmenna-
fél. „Kormákur" og „Hvöt" og kvenfél.
„Björk" og „Sigurrós"
Þá var gengið til kosninga
kosinn var fulltrúi til 3 ára á
eigendafundi félagsheimilisins
[illegible]. Kosningu hlaut Elísabet
Ólafsdóttir til vara Elsa Bjarnad.
Fulltrúi í framkvæmdarnefnd 17.
júní hátíðahaldanna. Flest og
jöfn atkvæði fengu Ásta Ögmundsd.
og Sigurbjörg Guðmundsd., dregið
var um það Ásta varð aðalm.

Sigurbjörg vara.
Fulltrúar á Kvennabandsfund
Þóra Sigurðardóttir og Elsa Bjarnad.
Til vara Karólína Jóhannesd. og
Marta Albertsdóttir. Ritari í stað
Margrétar Jóhannesd. hlaut flest
og jöfn atkvæði Ásta Ögmundsd.
og Ásdís Pálsdóttir. Dregið var um
þær og var Ásdís aðalm. Ásta til
vara. ~~Vararitari í stað Ásdísar~~
~~Sigurbjörg Guðmundsd.~~
Þá var kosin skemmti-nefnd, á
hún að taka við störfum, af nú-
verandi skemmti-nefnd, sem baðst
undan endurkosningu, 1. apríl
og starfa í 1 ár. Kosningu hlutu
Sigurbjörg Guðmundsd. Sigríður
Eðvaldsd. og Björg Ormsd. Til vara
Rósa Björnsd. og Málfríður Jóhannesd.
Að öllu þessu loknu var sest að
kaffidrykkju. Að síðustu sýndi
Ingibjörg Pálsdóttir skuggamyndir
í litum. Að endaði góðri skemmtun
hélt hver heim til sín í blækyrru
stjörnubjörtu vetrarnótt með bragandi
norðurljósum. Margrét Jóhannesd.
fundarritari

# 129. fundur.



Fundur haldinn í Kvenfélaginu
„Björk" Hvammstanga 19/3 1963.
Formaður félagsins setti fundinn og
stjórnaði honum. 15 konur mættu á
fundinum. Formaður bauð félags-
konur velkomnar á fundinn, en las
síðan fundargerð síðasta fundar, sem
haldinn var 29/1 1963 og var aðalfundur
félagsins. Sigríður Eðvaldsdóttir
hafði sagt sig úr skemmtinefndinni
sökum óviðráðanlegra orsaka, í stað
hennar kom Málfríður Jóhannesdóttir.
Síðan var tekið fyrir hið stærsta mál
er á dagskrá var, en það var: hvort
halda skyldi saumanámskeið, á vori
komanda, fyrir félagskonur.
Elsa Bjarnadóttir tók til máls og skýrði
frá þeim upplýsingum er hún hafði
aflað um það mál. Málið var rætt
Ákveðið var að bjóða ~~konum~~ félagskonum
úr „Sigurrós" að taka þátt í námskeið-
inu, ef næg þátttaka fengist ekki úr
„Björk". Þá var rætt um skrúðgarð
félagsins, kaup á sláttuvél o.fl. í sam-
bandi við hann. Næst talaði Anna
Guðmundsd. um orlof fyrir konur (kvenna)
í Húnavatns og Strandasýslu. Var það

var setið um stund. Síðan veittu
Ásta Ögmundar og Ásdís góðgjörðir, og
var á þeim mikill myndar bragur
eins og verið hefur undanfarið.
Að lokum báðu hana þökkuðu margar
fyrir sig, eins og vera átti, ofan
slíka veitinga. Þá var smá skemmti-
stund t.d. spurningar og skemmtiþáttur
er sagði á gáfu þeirra kvenna er í
honum lentu. Verðlaun sem gáfumenn
voru af skornum skammti, a.m.k.
þá stundina. Þá voru ýmsir nafn-
lausir og fundsamir leikir.
Heira var ekki gert. Fundi slitið.
Selar voru konur var léttar í skapi
er þær héldu út á stéttina í notalegu myrkr-
inu á leið heim.

Fundarritari
Helena Emils

## 130. fundur.



Fundur var haldinn í Kvenfélaginu
Björk 27. okt. 1963. 14 konur mættu.
Byrjað var á kaffidrykkju um kl. 15. Veittu
þær Sigurbjörg Bjarnadóttir og Dóra Sigvalda-
dóttir kaffið. Að henni lokinni setti
formaður fundinn og stjórnaði honum.
Las hún upp fundargerð síðasta
fundar og var hún samþykkt.
Næsta mál á dagskrá var yfirlit yfir
störf félagsins á sumrinu. Keyptar
voru viðiplöntur og plantað skjól-
belti í nýja stykkið í garðinum
einnig gengið frá grasflötinni.
Sigurður Bjarnason pússaði gosbrunn-
skálina og gaf hann félaginu vinnuna.
Hirðingu garðsins í sumar önnuðust
þær Ásdís Pétursd., Margrét Geirlaud. og Erla
Pétursdóttir. Auk þess unnu nokkrar
aðrar konur við hann. Dóra Sigvalda-
dóttir gaf til garðsins 4 garðhnífa
og 1 heyhnífa. Sláttuvél var keypt
og sótt var um styrk til garðsins.
Svar ókomið. Hlutavelta var haldin
í júlí, inkomu kr. 4.000.-
15. október var haldinn basar, tekjur
tekjur kr. 4248.- 19. október var svo
kaffisala, selt var miðdegiskaffi

Með tilliti til þess að sláturnámskeið
stóð yfir gerðu konurnar sér von
um árangur af henni. Nettó tekjur
urðu 2.200,00 kr.
Búið er að borga kr. 24.000.- til
félagsheimilisins og hafa konurnar
hug á að reyna að bæta þessi 6.000.-
krónum við sem á vantar upphæðina
~~sem~~ er samþykkt var síðastliðinn
vetur að láta af hendi þetta ár.
Þá kom formaður með þá tillögu
hvort deildin væri rétt að taka lítils
háttar gjald fyrir, ef ~~[illegible]~~ leirtau félags-
ins væri lánað, þar sem það væri
smásaman að ganga úr sér og
þyrfti að fara að endurnýja það.
Skiptar skoðanir urðu um það
mál, gengið var til atkvæða og
var tillagan samþykkt með ~~[illegible]~~
9 samhljóða atkvæðum. Gjaldið
skal vera kr. 25.00 í hvert skipti.
Þá kvaddi Þórdís Valdadóttir sér hljóðs
sagði hún fréttir af Kvennabands-
fundinum í sumar, Einnig minntist
hún á föndurkennsluna sem Anna
Sölmundardóttir hefur haft fyrir
konurnar 2 undanfarna vetur og ekkert



tekið fyrir. Þá bar á góma
Bingóspilið og þótti konunum sú
tekjugrein gefa lítið í aðra hönd.
Samin var svohljóðandi tillaga
Fundur haldinn í Kvenfélaginu Björk
27. okt. 1963 vill beina þeirri áskorun
til félaganna sem eiga og starfrækja
bingóið sameiginlega að reka það
af meiri krafti en verið hefur í ~~haust~~
haust, þar sem nú fer í hönd sá
tími sem lítið er um skemmtanir
bíósýningar og þessháttar. Tillagan
var samþykkt með öllum greiddum
atkvæðum. Sigríður Jónsd. las upp
þakkarbréf frá Elínu Briem fyrir
ljósakross á Melstaðarkirkju, sem
sóknarbörn sr. Jóhanns Briem, bróður
hennar, gáfu til minningar um
hann. Kosnar voru til að skemmta
á næsta fundi Helga Ingvarsd. og
Margrét Eiríksd. Fleira var ekki gert
fundi slitið. Allar þökkuðu
fyrir kaffið og héldu heim.

Margrét Jóhannsd.
fundarritari

## 131 fundur:

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 8. des. 1963. Mættar voru 14 konur, lesin var fundargjörð síðasta kvennabandsfundar, einnig las formaður bréf sem nýlega hafði borist félaginu frá menningar og friðarsamtökum íslenskra kvenna, beðið var um ~~staðfesting~~ þar um samstarf og stuðning á einhvern hátt, eftir því sem komist var næst og skildist á þessu bréfi, samþykkt var að taka það útaf dagskrá óafgreitt og salta um tíma, tekið var til umræðu hin árlega jólatrésskemmtun félagskvenna. Kosnar nokkrar konur í nefndir og þeim falið að sjá um undirbúning allan. Rætt var um skemmtanahald milli hátíðanna og skemmti-nefndinni falið að athuga það nánar. Rósa Guðjónsd. bar upp tillögu um að haldið yrði „Bingó" fyrir börn svo sem einnsinni á vetri og skemmti-nefnd var einnig falið að athuga það. Meðan þessar umræður voru á dagskrá var setið undir ~~borðum~~ dekkuðu kaffiborði og voru það þær Elsa Bjarnad. og Rósa Guðjónsd. sem veittu af mikilli



rausn, þökk sé þeim. (enda báðar í [illegible] mig). Þá skemmtu þær Helga Ágústsd. og Margrét Gísladóttir með ágætis hrekkjum og gamanbrögðum, svo sem nebbaleik, spádómum í ískölduu vatnsbaði og gestaþrautum, að ógleymdum skóaleik, sem þær kölluðu sundur saman. Fundi slitið kl. $18^{40}$ og héldu konur sér þá heim sem mest þær máttu, til að tapa ekki af kvöldmatnum.

Fundarritari S.S.

## 132. fundur.

Aðalfundur í Kvenfélaginu Björk
var haldinn 28. janúar 1964 og hófst
hann kl. 20.30 20 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og stjórnaði
honum. Fyrst las formaður upp lög
Kvenfélagsins, síðan fundargjörð
síðasta fundar og var hún samþykkt.
Síðan las formaður upp tilkynningu
um aðalfund Verndar, sem haldinn
verður í Reykjavík 25. feb. 1964, enn-
fremur bréf frá formanni K. B.
Því næst las Anna Guðmundsd. upp
reikninga félagsins og skýrði þá.
Síðan var gengið til kosninga
Kosnir voru fulltrúar á aðal fund.
K. B. Aðalfulltrúar Sigrún Jónsd.
og Margrét Jóhannesdóttir, til vara
Karólína Jóhannesd. og Bára Sigvaldad.
Sigrún Jónsd. var falið að taka að
sér starf í fjáröflunarnefnd, síðan
var gefið kaffihlé, þegar fundur hófst
aftur var kosið í skemmtinefnd
þær Guðrún Sigurbjörg Bjarnad.
Dóra Eðvaldsd. og Rósa Guðjónsd.
til vara Ásta Ögmundsd., Sigurbjörg
Guðmundsdóttir og Margrét Eiríksd.
Í sautjánda júní nefnd var kosin



Björg Stefanía Sigmundsdóttir, til
vara Elsa Bjarnadóttir.
Þá var kosinn formaður Elsa
Bjarnadóttir, en fráfarandi formaður
Elísabet Ólafsd. baðst undan endur-
kosningu. Varaformaður var kosin
Helga Kristinsdóttir.
Kosnar voru í kaffinefnd til eins
árs Elísabet Ólafsd., Sigurbjörg
Guðmundsd. og Ásta Ögmundsd.
til vara Helga Kristinsdóttir.
Að loknum kosningum skemmtu
konur sér við að horfa á litmyndir
sem Ingibjörg Bárðardóttir sýndi og
skýrði.
Þá voru Margrét Jóhannesd. og
Marta Albertsd. til nefndar að
skemmta á næsta fundi.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ásdís Pálsdóttir
fundarritari.

133. fundur

Fundur var haldinn í kvenfélaginu Björk, 1. apríl 1964. Mættar voru 18 konur. Formaður setti fundinn, lesin var upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá var kosinn endurskoðandi og var Ásta Ögmundsd. kosin og Rósa Guðmundsd. til vara. Formaður gaf fyrirspurn til byggingarnefndar félagsheimilisins um hvað þyrfti að leggja mikið fram til byggingar félagsheimilisins á þessu ári. Síðan var rætt um hvernig best væri að afla tekna fyrir félagið. Sigurbjörg Eyjólfsdóttir annað stakk upp á því að hafa spilakvöld og fannst þá mörgum vel til fallið að hafa kaffisölu á eftir. Konunum var sýnt garn og skyrtuefni sem félagið var búið að kaupa, og var óskað eftir að konurnar ynnu úr því svo hægt væri að láta það á basarinn. Var þessu vel tekið af konunum. Skipt var niður kökudropum og gekk það vel (þó að hlutdeild væri bæði mikil og stór og var furðulegt hvað hún hafði lítil áhrif) Skemmtinefndin óskaði eftir að



konurnar gæfu 3–4 muni hver á hlutaveltu sem halda ætti í apríl eða maí og var því vel tekið. Þá var lesið upp bréf frá kvenfél. Sigurósk þar sem þær segjast hafa ákveðið að skemmtun næsta laugardag og bjóða kvenfélagskonum héðan og mönnum þeirra í tilefni af 10 ára afmæli félagsins.
Elsa Bjarnad. stakk upp á því að konurnar tækju sig saman og færu í verslunarferð til Akureyrar næstkomandi sumar. Einnig minntist hún á að konurnar kæmu saman næsta vetur og prjónuðu fyrir félagið.
Borið var fram kaffi með miklum rausn og stóðu fyrir því Helga Ágústsd. og "Ástbjörg" Ögmundsd.
Marta Albertsd. og Margrét Jóhannesd. sáu um skemmtiatriði og gerðu það af mikilli snilld eins og oft áður og var mikið hlegið og það svo að sumum mun hafa vöknað um augu og það í meira lagi (og kom sér því vel að hafa stóra stanga til að þurka af sér tárin.
Fleira gerðist ekki fundi slitið.
Rósa Guðmund. fundarritari

## 134. fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfél.
Bjarkar, laugardaginn 31. okt. 1964.
Fundurinn var haldinn á heimili
formanns félagsins, og var mikill
munur á að fá að sitja þarna um
teppalagðan sali eða vera í hinum
venjulega fundarstað okkar, þar
sem dranganir hökta til og frá
og grenifliisarnar stingast í það
sem við jæpið kennum, fyrir utan
að þurfa að hala sig upp og niður
fleiri metra háan stigabjálk, og þá
er ekki séð að fötur nái sem alltaf
á undan. Jæja. Til fundarins
mættu 15 konur. Formaður setti
fundinn, bauð konurnar velkomnar
og las síðan fundargjörð síðasta fundar.
Síðan las Þóra Sigvaldad. fundar
gjörð síðasta sambandsfundar
og á eftir var rætt um ýmis mál
sem þar komu fram.
Rætt var um skemmtun fyrir
gamla fólkið, sem dvelur á elli-
heimilinu, þrjár konur Steinvör Bene-
diktsd., Sigríður Jónsd. og María Albertsd.
voru kosnar til að fara einu sinni
í næsta mánuði og skemmta því, en



það versta var að þær eru allar á
aldur við elliheimilisfólkið og jafnvel
lasnari en það, svo það er ekki að
búast við að gamla fólkið verði
mjög hrifið af skemmtikröftunum.
Næst var rætt um megrun og snyrti-
námskeið er konunum bauðst að fara á.
Nokkrar konur sóttu þegar um nám-
skeiðið. Þá fengum við að heyra hve
mikill ágóði varð af basar félagsins
kaffisölu og skemmtuninni er var í haust.
Talað var um að hafa saumaklúbb
innan félagsins og var það samþykkt.
Síðan var boðið til kaffidrykkju og
var henni vel tekið, eins og allt af
fyrr. Kosnar voru tvær konur í skemmti-
nefnd fyrir næsta fund þær Ásta Og-
mundardóttir og Dóra Eðvarsd., báð-
ar sögðust þær vera andlausar, svo
það verður varla andafundur.
Síðan var fundi slitið

Hel. Gu.
fundarritari

## 135. fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfél. Björk 9/12 1964. Mættar voru 14 konur. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Lesin var fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða. Þá var rætt niðurröðun og bakstur viðkomandi barnaballinu og samþykktu þær sem mættar voru orðalítið allt sem þeim var sagt að gera, en þær sem ekki voru mættar, verða að taka því sem þeim var ætlað fyrst, þær mættu ekki til þess að neita því strax, þá sagði formaður frá því að búið væri að fá ger og kökudropa í stórum stíl a.m.k. einar 6 teg. af ~~köku~~ dropunum og ætlar Ásdís að skipta þessu á milli kvenfélagskvenna. Næst var rætt um skemmtanir um jólin og nýárið og urðu miklar umræður um það hvort halda skyldi ball á gamlárskvöld og voru skiptar skoðanir um það eins og gengur með öll mál og kom það helst fram í sambandi við þetta að nýársnóttin væri a.m.k. helmingi of stutt.
Þá vildu sumar konurnar halda ball á annan í jólum, en þar sem vonir standa til að „bingónefnd“ hafi kannske einhvern



tíma þá til að halda skemmtun, vildi Kvenfélagið ekki taka daginn frá þeim. Næst báru þær Solveig og Svanna fram kaffi með fínu brauði og kom það sér vel þar sem konurnar voru orðnar mjög svangar, þá var hljómsveitarmönnum sem voru að æfa gamlárskvöldslögin niðri í sal boðið í kaffið og þáðu þeir það með þökkum eins og gefur að skilja. Var nú sest að drykkju með glaum og gleði og drukkið fast og mikið borðað með eins og venja er á kvenfélagsfundum, einnig mætti til drykkjunnar ein fiskifluga og gerði hún sér gott af tertunum eins og hennar er vandi. Eftir drykkjuna var haldið áfram umræðum um dansleikinn og var ákveðið að fela skemmtinefnd framkvæmdir í málinu. Þá voru frjálsar umræður um ýmis dægurmál t.d. barneignir o.fl. Þá var orðið gefið laust, en þá voru allar búnar að tala út svo að enginn tók til máls.

Fundi slitið.

Ásta Ögmundsdóttir
fundarritari

## 136. fundur

Aðalfundur var haldinn í kvenfél. Björk 4. febr. 1965 kl. 20.30
formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Bedie Eindóttir ritaði fundargerð. Fimmtán konur voru mættar. Fyrst las formaður Elsa Bjarnadóttir upp lög félagsins, síðan fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá var lesin úrsögn úr félaginu frá Kristínu Jónsdóttir. Þá minntist formaður látinnar félagskonu Sigríðar Sveinbjörnsd. sem andaðist seint á síðasta ári. Þóra Sigvaldadóttir skýrði frá störfum garðnefndar á síðasta ári og þakkaði vel unnin störf í garðinum. Gjaldkeri félagsins Anna Guðmundsd. las upp reikninga og skýrði þá, voru þeir síðan samþykktir. Elísabet Ólafsd. skýrði frá störfum byggingarnefndar félagsheimilisins, rætt var um hvað framlag félagsins gæti og þyrfti að vera á þessu ári, en það lægju ekki fyrir neinar áætlanir um það frá framkvæmdanefnd. Rósa Guðfinnsd. skýrði frá störfum bingónefndar og ákveðið var að hafa bingó fyrir börn seinna í vetur. Anna Guðmundsd. sagði að fyrirhugað



væri að halda jólabasar næsta vetur um mánaðarmótin nóv/des. Rætt var um hvað hentugast væri að hafa og að hver kona gæfi 2-3 stk. og var það samþykkt. Næst var gengið til kosninga. Úr stjórninni átti að ganga Anna Guðmundsd. og var hún endurkosin.
Í skemmtinefnd voru kosnar Helena Gransberg, Ásta Ögmundardóttir og Sigurbjörg Guðmundsd. Til vara í skemmtinefnd voru kosnar 1. Elísabet Ólafsd. 2. Helga Kristinsd.
Í 17. júnínefnd var kosin Helga Kristinsd. til vara Dóra Edvaldsd. Í kaffinefnd voru kosnar Unnur Bjarnadóttir, Björg Sigurðard. og Margrét Emilsdóttir til vara Rósa Guðfinnsd. Þá var gefið kaffihlé enda konur orðnar langeygðar eftir hressingu. Eftir kaffihlé var kosningum haldið áfram. Kosnir voru fulltrúar á aðalfund K.B. Margrét Jóhannesd. og Þóra Sigvaldadóttir til vara Anna Guðmundsd. og Karólína Jóhannesd. Sigrún Jónsdóttir var kosin í fjáröflunarnefnd. Endurskoðendur voru kosnar Rósa Guðfinnsd. og Elísabet Ólafsd. til vara Ásta Ögmundard. Þá sagði Rósa Guðfinnsd. frá dansleiknum í gamlárskvöld og árangri

hann. Að síðustu sýndi Ingibjörg
Pálsd. litmyndir sem Anna Guðmundsd.
átti. Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
A. P. fundarritari.

## 137. fundur.



Fundur haldinn í Kvenfél. Björk
þ. 12. maí 1965. Formaður setti fund og
og tilnefndi Sigurbjörgu Guttormsdóttur
fundarstjóra og Dóru Eðvarsd. fundarritara.
Sigrún Jónsd. þakkaði skeyti, sem
félagið hafði sent henni í tilefni sjötugs
afmælis hennar. Rætt var um „tombólu"
sem fyrirhugað er að halda í sumar
og samþykkt að hver kona gefi a.m.k.
þrjá muni á hana. Þóra Sigvaldad.
gerði grein fyrir hvernig haga skyldi
vinnu við garðinn í sumar. Elsa
Brandsd. skýrði frá því, að framlag
félagsins til félagsheimilisbyggingar skuli vera kr. 12 þús. á þessu
ári. Kosin var basarnefnd; Ásta Pálsd.
Margrét Jóhannesd. og Anna Guðmundsd.
Rætt var um hvort félagskonur velji vinnu
úr afgangsefnum fyrir basarinn.
Fundarstjóri las upp þakkarbréf til félags-
ins frá [illegible]dóttur. Síðan var sest
að kaffidrykkju og hresstust þá fundar-
konur nokkuð eftir strangan fund.
Ákveðið var á nokkrar [illegible] [?] og
[illegible] á [illegible] hjá nokkrum kvenfélags-
konum. Fundi slitið. Dóra Eðvarðs fundarr.
(Héldu fundarkonur þá hver heim til sín
heima og verður það mál ekki rakið nánar
hér) D. E.

138. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 14. nóv. 1965.
Mættar voru 13 konur. Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykkt.
Síðan var rætt um fyrirhugaðan basar og var samþykkt að hafa hann um næstu mánaðarmót og að hver kona gefi 3 muni. Þóra Sigvaldad. sagði fréttir af kvennabandsfundi og las upp fundargjörð.
Kosnar voru þrjár konur til að fara og gera sitt besta til að skemmta gamla fólkinu á sjúkrahúsinu.
Kosnar voru: Þóra Sigvaldadóttir Sigrún Jónsdóttir og Marta Albertsdóttir til vara Margrét Jóhannsdóttir.
Formaður Elsa Bjarnadóttir, sagði að þar sem félagið væri nú svo vel statt efnalega þá fyndist sér að ætti að hugsa um garðinn og kom fram tillaga um að reynt yrði að fá einhvern til að leiðbeina með garðinn og var það samþykkt. Elsa bar upp tillögu um það hvort félagið ætti ekki að gera eitthvað fyrir Barnaskólann t.d. að gefa honum segulbandstæki og



var það samþykkt.
Samþykkt var af fundarkonum að fara fram á að reynt yrði að klára eitthvað af herbergjum í félagsheimilinu svo að hægt væri að taka þau í notkun hið fyrsta. Rætt var um að hafa handavinnukvöld eins og í fyrra og var samþykkt að hafa þau hálfsmánaðarlega á föstudagskvöldum, Þóra Sigvaldadóttir bauðst til að byrja með kleinukvöldi og var því vel tekið.
Síðan var borið fram kaffi og borðað vel ~~með~~ af afgöngunum frá deginum áður, að því loknu voru afgreiddir kökudropar.

Fundi slitið.

Rósa Jónsdóttir
fundarritari

## 139. fundur.

Sunnudaginn 12. des. 1965 var haldinn fundur í kvenfélaginu Björk, Hvammstanga fundinn setti formaður félagsins frú Elsa Bjarnadóttir, til umræðu var hin árlega jólatrésskemmtun félagsins, samþykkt var að hafa hana með svipuðu sniði og venjulega og skyldi hún haldin 4. dag jóla
Því næst las formaður upp bréf ~~frá~~ sem borist hafði frá einni félagskonu sem ekki gat komið því við að mæta á fundinum (Margréti í Lyngholti) Óskaði hún eftir því að kvenfélagið gefi ágóðann af nýafstöðnum basar til söfnunarinnar „Herferð gegn hungri"
Samþykkt var að gefa kr. 3.000.—
Fleiri mál voru ekki til umræðu og fundi slitið.
Síðan bauð Elsa Bjarnadóttir fundarkonum til kaffidrykkju, sem þær þáðu með miklum fögnuði
Fundi slitið
Margrét Gísladóttir

## 140. fundur.



Aðalfundur Kvenfélagsins „Björk" Hvammstanga var haldinn 6. febr. 1966. Kl. 20.30 Mættar voru 16 konur.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Fyrst las formaður upp fundargjörð síðasta fundar og var og var hún samþykkt. Þá las formaður upp skýrslu um störf á árinu, hvað hefði verið gert, síðan þakkarbréf frá formanni skólanefndar Helga Benediktssyni fyrir segulbandstæki sem félagið gaf Barnaskólanum
Þá las Arnalfríður Mundadóttir upp reikninga félagsins og skýrði þá. Rætt var um hvort halda ætti basar á þessu ári, og var samþykkt að hætta við hann, en halda í staðinn eina stóra hlutaveltu.
Næst var gengið til kosninga:
Úr stjórn átti að ganga Þóra Pálsd. ritari og var hún endurkosin.
Þá var kosin skemmtinefnd til 1 árs kosningu hlutu Rósa Bjarnadóttir og Sigríður Eiríksd. Kosnar til vara Björg Stefánía og Helga Ágústsd. og Rósa Guðjónsd. í skemmtin.
Kaffinefnd voru kosnar: Erla Pétursd. Margrét Gíslad. og Elísabet Ólafsdóttir

Kosnar til vara Björg Stefanía og
Sigurbjörg Bjarnadóttir
Í garðnefnd voru kosnar Helga Ágústsd.
Margrét Jóhannesd. Þóra Sigvaldadóttir
Ásdís Pálsdóttir og Sigurbjörg Guðmannsd.
til vara var kosin Þorbjörg Ólafsdóttir
Ákveðið var að 17. júní nefnd félli niður
en skemmtinefnd tæki við hennar störfum.
Kosnir fulltrúar á aðalfund Kvennabandsins
Ásta Ögmundsdóttir og Anna Guðmundsd.
í fjáröflunarnefnd (ef ~~með~~ þarf) Margrét
Jóhannesdóttir. Varafulltrúar á aðalfund
K.B. voru kosnar Þóra Sigvaldadóttir
og Sigrún Þórsdóttir. Þá var sest að kaffi-
drykkju og virtust veitingarnar líka
vel að venju. Síðan var fundi haldið
áfram. Þóra Sigvaldadóttir vakti máls
á hvort félagið ætti að gefa 10 stóla
eða bekk á biðstofuna hjá Lækni og
var nokkuð rætt um það, en síðan
ákveðið að sofa á því til næsta fundar.
Síðan þakkaði formaður öllum konunum
og vel unnin störf á liðnu ári og góða
samvinnu á liðnum árum. Ákveðið
var að allar nefndir tækju við störfum á aðalfundi.
Að lokum var stjórninni þakkað vel unnin störf á liðnu
ári og var klappað fyrir henni.
Fleira var ekki gert. Fundi slitið.
Ásdís Pálsd. fundarr.



141. fundur.

Laugardaginn 4. júní 1966 var
haldinn fundur í Kvenfél. Björk
á Hvammstanga. Formaður félagsins
Elsa Bjarnadóttir las upp síðustu
fundargerð, sem var samþykkt.
Síðan las Þóra Sigvaldadóttir upp
tillögu sem kom fram á fundi
Kvennabandsins um að kvenfélög
gengust fyrir kaupum á sjúkra-
bifreið fyrir héraðið og var það
samþykkt. Síðan var rætt um
orlofsdvöl húsmæðra, formaður
gaf þær upplýsingar að hægt væri
að fá pláss að Húsmæðraskólanum
Laugarvatni síðustu vikuna í júní
Að lokum voru sýndar tvær
fræðslukvikmyndir um grænmeti
og matreiðslu á kjötréttum.
Síðan var fundi slitið.
Margrét Gísladóttir

## Stjórnarfundur

Föstudaginn 1. júlí var haldinn Stjórnarfundur í kvenfél. Björk Hvammstanga. Stjórnin var öll mætt og auk þess Elísabet Ólafsdóttir fulltrúi félagsins í Eigendanefnd Félagsheimilisins. Tók Elísabet fram að hvert kvenfélagið gæti lagt meira
fé fram á þessu ári til Félagsheimilisins en þegar væri búið og samþykkti stjórnin að leggja fram til viðbótar kr. 10.000.-
Ennfremur samþykkti stjórnin að gefa kr. 10.000.- til kaupa á sjúkrabifreið.
Fleira var ekki gert
Ásdís Pálsdóttir



## 142. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 14. des. 1966. 13 konur mættu. Formaður las upp síðustu fundargerð og var hún samþykkt. Síðan las formaður upp fundargjörð frá aðalfundi Kvennabandsins sem haldinn var í Reykjaskóla sl. vor. Stungið var upp á Þóru Sigvaldadóttir til að heimsækja sjúklinga á sjúkrahúsinu í janúar og á hún að taka einhverjar með sér. Rætt var um barnaball og undirbúning þess og raðað niður vinnu, ákveðið var að óska eftir að hraðað væri að ganga svo frá kjallara félagsheimilisins að hægt verði að nota það um hátíðir. Seld var sulta og kökudropar.
Fundi slitið
Guðrún S. Bjarnad.
fundarritari

## 143. fundur.

Aðalfundur kvenfélagsins Björk var haldinn í félagsheimilinu á Hvammstanga 25. jan. 1967. kl. 21. Mættar voru 21 kona. Formaður félagsins Elsa Bjarnadóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Fyrst bar formaður upp tvær nýjar konur í félagið - þær Steinunni Bjarnad. og Kristbjörgu Magnúsdóttur og voru þær samþykktar einróma. Formaður las upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt. Ármalþrúmundsdóttir las upp lög félagsins. Formaður las skýrslu um störf á liðnu ári.

Þóra Sigvaldadóttir bað um orðið og þakkaði konum fyrir vel unnin störf í garðinum á sl. ári og gaf hún kr. 200.- til garðsins. Rætt var um störf nefnda á árinu og ákveðið að kjósa tvær konur í 17. júní nefnd. Gjaldkeri Ármalþrúmund. las upp reikningana og skýrði þá og voru þeir samþykktir. Þá sagði formaður að Þóra Sigvaldadóttir hefði verið falið að fara á sjúkrahúsið og skemmta gamla fólkinu þar og óskaði hún eftir að fá þær Mörtu Albertsdóttur og



Guðrúnu Bjarnadóttur með sér.
Þá las formaður upp bréf frá 17. júnínefnd og bingónefnd, síðan bréf frá Lionsklúbb Blönduóss um söfnun í Sjúkrasjóðinn og var samþykkt að gefa í hann kr. 5.000.- Þá las formaður upp bréf frá Ingibjörgu Pálsdóttur. Rætt var um hvort halda ætti áfram með handavinnukvöldin, og var það samþykkt.

Þá var sest að kaffidrykkju og var fjörugt og borðað vel að venju.

Yfir borðum las Elsa Bjarnadóttir upp draumlýsingu og vann Karólína fyrst til að þekkja manninn, en það var Páll Kolka læknir.

Þá var gengið til kosninga. Elsa Bjarnadóttir átti að ganga úr stjórninni og baðst hún undan endurkosn. Kosningu hlaut Margrét Gísladóttir og til vara Helga Ágústsdóttir.

Í skemmtinefnd voru kosnar Björg Stefanía, Ásta Ögmundardóttir og Sigurbjörg Guðmundsd. og til vara Elísabet Ólafsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir.

Í 17. júnínefnd voru kosnar Elísabet Ólafsdóttir og Helga Ágústsdóttir til vara Sigríður Eðvaldsdóttir og Helena Svanlaug

Í kaffinefnd voru kosnar Elsa Bjarnad. Rósa Guðjónsd. og Erla Sigurd. til vara Þorbjörg Ólafsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir. Í basarnefnd voru kosnar Margrét Jóhannsd. og Arnfríður Guðmundsd. og til vara Elsa Bjarnad. Þá voru kosnir fulltrúar í sambandsfund þær Þóra Sigvaldadóttir og Helga Ágústsdóttir til vara Ásta Ögmundardóttir og Guðrún Bjarnadóttir. Í fjáröflunarnefnd var kosin Elísabet Ólafsdóttir og Arnfríður Guðmundsd. til vara. Endurskoðendur voru endurkosnir þær Elísabet Ólafsdóttir og Rósa Guðjónsdóttir til vara Ásta Ögmundardóttir

Þá sagði Elísabet Ólafsdóttir fréttir frá Eigendanefnd félagsheimilis—

Þá þakkaði fráfarandi formaður samstarfið á liðnum árum. Þá þakkaði Þóra Sigvaldadóttir samstarf liðinna ára og bauð nýja formanninn velkominn. Að lokum var farið í eggjaboðhlaup og fleiri leiki

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið
Ásdís Pálsdóttir
fundarritari



## 144. fundur.

Fundur var haldinn í Kvenfélaginu Björk 22. febr. 1967. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar en 14 voru mættar. Var þettað fyrsti fundur okkar nýja formanns Margr. Rósu Emilsdóttur. Las hún fundargjörð síðasta fundar og fór það vel úr hennar munni enda samþykkt samhljóða. Síðan las hún bréf sem borist hafði Kvenfélaginu frá félagssamtökunum Verndar(ar), samþykkt var að senda þessum félagsskap 500,- kr. sem gjöf, 200.- kr. í ársgjald og 300.- kr. er kom fyrir bókasölu sem tilheyrði þessum samtökum. Formaður bar ~~upp~~ fram tillögu um hvort ekki ætti að hækka verð á kaffisölu félagsins úr kr. 40.- í 55.- kr. og var það samþykkt. Rætt var um sambands-bingó á vegum félaganna, en samkomulag náðist ekki í þeim efnum. Lítilsháttar var rætt um basarundirbúning, en aftur á móti þeim mun meir spjallað um hvort ekki ætti að reyna að selja kaffi við öll möguleg tækifæri, svo sem Bingó, félagsvistir í miðdegi og miðnætti; og fór nú að

þara kaffilöngun um sumar, en sem betur fer var nú ekki langt að bíða þess, að borðin yrðu full af alskyns [illegible] bráði, sem þær Ástbjörg Ögmundsdóttir og Rósa Guðmundsd. göldruðu, ef svo mætti segja, ásamt indælu kaffi, var nú borðað og drukkið af kappi og mikið skrafað, sem ekki verður skýrt hér frá, því það var ekki neinn venjulegur kvenfélagsfundur, þar sem Hreppsnefndin tróð upp og skenkti kaffi, en þá var formaður ollu fljótur til og ~~[illegible]~~ sagði fundi.

Stefanía.



145. fundur.

Fundur í kvenfélaginu "Björk" var haldinn 10. apríl 1967.
14 konur mættu.
Formaður las upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt.
Lesið var bréf frá formanni kvennabandsins þar sem konum var gefinn kostur á Noregsferð í 8 daga á vegum Kvenfélagasambands Íslands. Kvennabandið átti kost á einu sæti í þeirri ferð.
Hólmfríður Bjarnadóttir og Helena Sigmundsdóttir veittu kaffi.
Björg Emils sagði ferðasögu af ~~þeim~~ kvenfélagskonunum, sem fjölmenntu á tískusýninguna á Húnavökunni á Blönduósi.

Fundi slitið

Sigurbjörg Guðmannsdóttir
fundarritari.

## 146. fundur

Fundur var haldinn í Kvenfél. Björk, 17. des. 1967.
Fyrsta mál á dagskrá var að skólastj. barnaskólans hafði beðið um að fá lánað jólatrésskraut og var það samþykkt.
Þá var rætt um undirbúning jólatrésskemmtunnar og niðurröðun á bökun, skreytingu og vinnu með sama sniði og undanfarin ár. Þá fór fram úthlutun á kökudropunum, fékk þar hver kona sinn skammt og fóru allar mettar heim að fundi loknum.

Elsa Bjarnadóttir

## 147. fundur



Aðalfundur Kvenfélagsins „Björk“ var haldinn í Félagsheimilinu á Hvammstanga 29. jan. 1968 kl. 20.30. Mættar voru 14 konur. Formaður Margrét [illegible] setti fundinn og stjórnaði honum. Þá las formaður upp síðustu fundargjörð og var hún samþykkt, einnig las formaður upp lög félagsins. Þá las Þóra Sigvaldad. fundargjörð aðalf. K.B. og var rætt um tillögu sem formaður K.B. Elsa Bjarnad. hafði borið upp á Sambandsfundinum þess efnis hvort ekki væri hægt að bjóða öldruðu fólki í sýslunni í eins dags skemmtiferð að sumrinu, skildu kvenfélögin sjá um að bjóða fólkinu til ferðalagsins og kosta ferðina hvert í sínum hrepp, en kvennabandið sæi um veitingar á ákveðnum stað. Þá sagði Elsa að næsti aðalfundur K.B. yrði haldinn á Hvammstanga og ætti Kvenfél. Björk að sjá um veitingar á fundinum.
Gjaldkeri Anna Guðmundsdóttir las upp reikninga félagsins og skýrði þá.
Formaður las nýjárskort er félaginu hafði borist frá Krabbameinsfélaginu þar sem þakkað var samstarf á árinu (en félagskonur gátu ekki munað eftir neinu samstarfi við þetta félag)
Elísabet Ólafsdóttir las upp úr fundargjörð eigendafundar Félagsheimilisins og er áætlað að framlag Kvenfélagsins verði 35.000- kr. á þessu ári. Þá var kaffihlé, og notuðu konurnar tímann meðan hlé var á [illegible]

til að fara á húsgagnasýningu sem var í
salnum í félagsheimilinu.
Eftir kaffidrykkju hófust kosningar.
[illegible] Guðmundsdóttir gjaldkeri átti að ganga úr
stjórn, en var einróma endurkjörin
Þá var kosið í skemmtinefnd kosningu hlutu:
Kristbjörg Magnúsdóttir, Helena Emilsdóttir og
Elísabet Ólafsdóttir, til vara 1. Elsa Bjarnad.
2. Sigr. Eðvaldsd.
Í kaffinefnd hlutu kosningu: Helga Ágústsd. Þorbjörg
Ólafsdóttir og Björg Emilsdóttir til vara 1. Margrét
Jóhannesd. 2. Sigríður Eðvaldsdóttir
Í 17. júnínefnd hlutu kosningu: Rósa Guðjónsdóttir
og Ásta Ögmundsd. Til vara 1. Dóra Eðvardsdóttir 2. Sigurbj.
Guðmannsdóttir.
Samþykkt var að hafa ekki neinn basar
á þessu ári.
Á sambandsfund voru kosnar: Þóra Sigvaldad.
og Margrét Jóhannesd. til vara Marta Albertsd.
og Ásta Ögmundsdóttir. Endurskoðendur voru
kosnir: Elsa Bjarnadóttir og Ásta Ögmundsd.
til vara Ásdís Pálsdóttir og Elísabet Ólafsdóttir
Kosnar voru 3 konur til þess að skemmta
gamla fólkinu á Sjúkrahúsinu, kosningu hlutu:
Þóra Sigvaldadóttir, Marta Albertsdóttir og
Steinunn Benónýsdóttir, til vara 1. Margrét
Jóhannesd. 2. Þorbjörg Ólafsdóttir



Þá bar Elsa Bjarnadóttir fram tillögu um
að Kvenfélagið gæfi til Barnaskólans á
Hvammstanga 4-5000.- kr. til bókakaupa
fyrir bókasafn í skólanum, eða þá annars
er frekar þætti þörf fyrir og skyldi skólastj.
falið að ákveða hvernig og ráðstafa peningunum, og var það samþykkt, en ekki
ákveðið endanlega hvað há upphæð
yrði gefin.
Fleiri mál voru ekki á dagskrá.

Fundi slitið

Fundarritari Ásta Ögmundsd.

## 148. fundur:

Fundur var haldinn í kvenfél. Björk 8/4 1968
Mætti sirka helmingur af félagskonum.
Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar
og var hún samþykkt.
Síðan skýrði formaður frá því að búið
væri að afhenda Barnaskólanum
5.000.- kr. til bókakaupa, sem samþykkt
var á aðalfundi.
Þá var lesið upp bréf frá Sambandi
Norðlenskra kvenna, um hæli fyrir
vangefin börn, og happdrættismiðar
boðnir til kaups, til að styrkja málefni
þeirra. Næst var lesið bréf frá Kvenfélaga-
sambandi Íslands útaf skuldabréfum Hall-
veigarstaða, sem óskað var eftir að kvenfél.
seldi fyrir það, þar sem ekki var neitt talað
um hvað bréfin væru upp á mikla upphæð
þótti ekki hægt að gera neitt í málinu
(og það lagt til hliðar að sinni). Síðan voru
sagðar fréttir af formannafundi og var þar
óskað eftir að hver kona gæfi 3 vinninga
á hlutaveltu Kvennabandsins og kvenfélagið
50.- kr. af hverri félagskonu, síðan var
samþykkt að kvenfél. pantaði vörur frá
Reykjalundi til að láta á Kvennabands
hlutaveltuna.
Síðan kom bréf frá Menningar og



friðarsamtökum kvenna, þar sem
enginn áhugi var fyrir því bréfi;
var ákveðið að það skyldi geymast vel
og var samþykkt að setja það vel lokað
í pakka, svo að ekki slægi í það þó það þyrfti
að geymast lengi.
Ekki var fleira markvert rætt á
fundinum, og hvort ~~var~~ drukkið var
kaffi man ég ekki, enda svo langt
um liðið, en hafi það verið, veit ég
að því hafa verið gerð góð skil.
Rósa Guðjónsdóttir

## 149. fundur.

Fundur haldinn í kvenfélaginu „Björk“ 3. nóv. 1968.
Formaður félagsins Margrét Gísladóttir setti fundinn og las upp fundargjörð frá síðasta fundi og var hún samþykkt.
Á fundinum mættu 11 konur.
Rætt var um að fá saumakennara til að hafa saumanámskeið fyrir félagskonur.
Samþykkt var að hækka verð á kaffiveitingum, sem félagið selur, úr 55.- kr. í 70.- kr. og veislukaffi á 100.- á mann.
Einnig var samþykkt að skipa konunum í þrjá flokka til að ræsta félagsheimilið eftir samkomur, sem félagið heldur.
Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið.

Dóra Eðvaldsdóttir



## 150. fundur.

Fundur var haldinn í kvenfél. „Björk“ 12. des. 1968.
Fundarefni var jólatrésskemmtunin og gamlárskvöld.
Samþykkt var að skipta vinnu þannig að fá ~~þær~~ eldri konurnar til að vinna við jólatrésskemmtunina og þær yngri til vinnu á gamlárs-kvöld.
Síðan var rætt um vinnu og bakstri.
Að síðustu voru svo afgreiddir kökudropar.
Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Ásd. Pálsd.

Félagskonur í kvenfélaginu Björk 1961

Elísabet Ólafsdóttir f. 10. 7. 1930
Dóra Edvaldsdóttir f. 24. 1. 1939
Sigríður Sveinbjarnardóttir f. 18/3 1895
Rósa Guðjónsdóttir f. 25/4 ~~[illegible]~~ 1933.
Ásbjörg Ögmundsdóttir f. 4/5 1932.
Margrét Jóhannesdóttir f. 26/5 1907
Þóra Sigvaldadóttir f. 13/5 1899.
Helga Ágústsdóttir f. 2/3 1917
Anna Guðmundsdóttir f. 12/6 1926
Erla Pétursdóttir f. 8/5 1934
Ásdís Pálsdóttir f. 24/9 1931
Sigurbjörg M. Guðmannsdóttir f. 11/2 1937
Elsa Bjarnadóttir f. 7/9 1924
Guðrún S. Bjarnadóttir f. 20/10 1930
Björg St. Sigurðardóttir f. 20/3 1937.
Helena Sch. Emils fædd 25.6 1945.
Karlin Johannesd. — 28/10 1901
30/9 1935
Rósbjörg B. Jónsdóttir f. 23/4 1895.
Sigrún Jónsdóttir 19. júlí 1928
Margrét Gísladóttir 26 júlí 1943
Helga Þóra Ásbjarnardóttir
Skinþórunn Karólína Skinþórsd 27-5-53